



Félagsráðgjafafélag Íslands

Tímarit



FÉLAGSRÁÐGJAFÁ

Leiðbeiningar varðandi innsendar greinar í Tímarit félagsráðgjafa

Tegundir greina:

Innihald greina ætti að vera á sviði félagsráðgjafar og koma inn á eitt eða fleiri af grunnsviðum fagsins sem eru kenningar, félagsmálastefna, praktík og rannsóknir

Eftirfarandi eru dæmi um tegundir greina:

Rannsókn – grein sem lýsir tiltekinni rannsókn sem hefur verið unnin. Greinin skiptist í útdrátt, fræðilegan inngang, aðferð, niðurstöður og umræðu.

Yfirlit – Fjallað er um rannsóknir á tilteknu sviði og niðurstöður rannsóknanna dregnar saman.

Verkefni – Grein sem lýsir tilteknu verkefni sem hefur verið þróað í tilteknum málaflokki.

Dæmasögur – Grein sem lýsir málum og/eða tilteknu meðferðarformi.

Ath: Hægt að biðja um að greinin verði ritrýnd og þarf þá að taka það sérstaklega fram.

Reglur um skil:

Útdráttur – á ekki að vera lengri en 150 orð og skal skila útdrætti á sérblaði

Leturstærð 12

Tvöfalt línubil – bæði texti og töflur

Hámarkslengd að meðtöldum heimildalista, töflum og skrár er 15 blaðsíður

Töflur og myndir þurfa að fylgja með í sérstöku skjali, en greina þarf frá því í texta hvar viðkomandi tafla eða mynd á að vera, t.d. með því að skrifa: „Setja inn mynd 1 hér“

Fylgja þarf leiðbeiningum úr „Publication Manual of the American Psychological Association (4. Útg.) sem einnig koma fram í Handbók sálfræðisins og Gagnfræðakveri sálfræðinema.

Skila þarf grein í þremur eintökum útprentuðum og í rafrænu formi. Nafn höfundar, staða, símanúmer og netfang eiga að koma fram á sérblaði, auk 3-5 lykilorða. Ef óskað er eftir að greinin verði ritrýnd á nafn höfundar ekki að birtast á greininni sjálfri heldur einungis á fylgiblaði. Mynd af höfundi skal einnig skila en í rafrænu formi á netfangið: freydis@nordurthing.is. Grein berist til:

Freydís Jóna Freysteinsdóttir lektor

Norðurþing

Ketilsbraut 7-9

640 Húsavík

Ef þú hefur einhverjar spurningar, getur þú sent tölvupóst á eftirtalda aðila sem skipa ritnefnd, Freydísi: freydis@nordurthing.is, Kristjönu Sigmundsdóttur: kristjs@landspítali.is eða Hervöru Ölmú Árnadóttur: hervora@fel.rvk.is.

Efni þessa tímarits má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, ljósritun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Tímarit félagsráðgjafa.

© Félagssráðgjafafélag Íslands, Borgartún 6, 105 Reykjavík.

ISSN 1670-6749

Tímarit

FÉLAGSRÁÐGJAFI

3. árgangur 2008

Frá ritstjóra

Í þetta sinn hefur tekist að koma Tímariti félagsráðgjafa út að sumri fremur en að hausti. Stefnan var að koma ritinu út að vori og mjökumst við í ritstjórninni nær því takmarki. Útlit var fyrir að ekki tækist að gefa út ritið á þessu ári þar sem fáar greinar bárust en svo bárust greinar um það leyti sem frestur var að renna út og þá var ráðist í að koma ritinu út á þessu ári. Félagsráðgjafar sem og annað fagfólk á sviði félags- og heilbrigðisvísinda er því hvatt til að skrifa greinar í ritið.

Talsvert langt ferli býr að baki þegar ný útgáfa lítur dagsins ljós. Greinarhöfundar hafa lagt sitt af mörkum við að rita greinarnar sem í sumum tilfellum byggja á annarri vinnu sem greinarhöfundur hefur lagt á sig, t.d. rannsóknarvinnu eða vinnu við að setja á fót tiltekið úrræði. Þegar greinar hafa verið sendar inn fara sumar þeirra í ritrýningu til tveggja ritrýnenenda ef að greinarhöfundar óska þess. Greinarhöfundar lagfæra svo greinar sínar eftir að hafa fengið athugasemdir ritrýna. Ritrýnar eru valdir með efni viðkomandi greina í huga og fara þeir ítarlega yfir greinarnar. Tveir aðilar úr ritnefnd lesa yfir óritrýndar greinar og gera athugasemdir við þær. Því næst eru greinarnar prófarkalesnar og lagfæra höfundar aftur greinarnar að því loknu. Allt þetta er gert með því augnamiði að efnið sem gefið er út sé vandað og lesendur hafi bæði gagn og gaman

af. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að birta leiðbeiningar um greinarskrif og skil í ritið í útgáfu þessa rits en einnig er hægt að finna þær á heimasíðu félagsins.

Í þessari útgáfu Tímarits félagsráðgjafa er að finna greinar um fjölbreytt efni að venju. Í ritinu er grein um dáleiðslumeðferð sem meðferðaraðferð til að bæta líðan þeirra sem eiga við geðræn vandkvæði að etja. Einnig er grein í ritinu um börn og fátækt. Í greininni er fjallað ítarlega um skilgreiningar á fátækt, sjónarhorn barnafræða og gefið yfirlit yfir íslenskar rannsóknir á sviðinu. Í ritinu er jafnframt að finna grein um unglunga í vanda sem barnaverndarafskipti hafa verið af vegna áhættuhegðunar. Í greininni er m.a. fjallað um áhættuþætti og aðstæður unglinganna, birtingarmyndir áhættuhegðunar og úrræði sem beitt er í málum þeirra. Grein um fjölskyldusamráð er í ritinu, en hún byggist á viðtölum við þrjá unglunga sem hafa upplifað fjölskyldusamráð sem vinnuáðferð þegar um barnaverndarafskipti hefur verið að ræða. Að lokum eru tvær stuttar greinar, ein um Geðræktarmiðstöðina Setrið og önnur um ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands.

Fyrir hönd ritnefndar,
Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Tímarit félagsráðgjafa
3. árgangur 2008.

Ritstjóri: Freydís Jóna Freysteinsdóttir
Aðrir í ritnefnd: Hervör Alma Árnadóttir, Kristjana Sigmundsdóttir
Prófarkalestur: María Anna Þorsteinsdóttir

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Frá ritstjóra | 2 |
| Ritrýndar greinar | |
| Freydís Jóna Freysteinsdóttir | |
| Unglingar í vanda..... | 5 |
| Guðný Björk Eydal og Cynthia Lisa Jeans | |
| Börn og fátækt | 17 |
| Ólöf Unnur Sigurðardóttir | |
| Dáleiðsluaðferð – aðferð til að bæta geðræna líðan..... | 27 |
| Hervör Alma Árnadóttir | |
| Þátttaka barna í fjölskyldusamráði..... | 35 |
| Óritrýndar greinar | |
| Gunnjóna Una Guðmundsdóttir | |
| Ný þjónusta fyrir fólk sem greint er með krabbamein og aðstandendur..... | 45 |
| Freydís Jóna Freysteinsdóttir og Erla Alfreðsdóttir | |
| Geðræktarmiðstöðin Setrið eins árs | 47 |

Tímarit félagsráðgjafa þakkar eftirtöldum aðilum stuðninginn.

Hveragerðisbær



Félagsþjónusta Norðurlands
Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík



Sveitafélagið
Skagafjörður



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið



Félagsþjónusta
Kópavogs



Félagsþjónustan
Vestmannaeyjar



Unglingar í vanda

Samanburður á unglungum með áhættu hegðun sem fara
í langtímameðferð annars vegar og fá vægari úrræði
hins vegar af hálfu barnaverndaryfirvalda¹

Freydís Jóna Freysteinsdóttir
félagsráðgjafi (MSW, Phd) og félagsmálastjóri

Í rannsókn þessari voru barnaverndarmál sem innihéldu tilkynningar um áhættu hegðun unglunga innihaldsgreind. Áhættu hegðun unglunga getur tekið á sig ýmsar myndir. Dæmi um áhættu hegðun eru innbrot, skemmdarverk, vímuefnanotkun, útingangur, vændi og árásarhneigð. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á tengsl milli þess að hafa orðið þolandi misbrests í uppeldi annars vegar og áhættu hegðunar hins vegar. Unnið var upp úr gögnum hjá Barnavernd Reykjavíkur. Málunum var skipt í tvo flokka, annars vegar sem innihélt hóp unglunga sem fóru í langtímameðferð og hins vegar hóp unglunga sem fengu önnur vægari barnaverndarúrræði (samanburðarhópur), t.d. persónulegan ráðgjafa. Skráðir voru sérstaklega áhættuþættir er viðkomu unglungum og fjölskyldum þeirra og hvort borist hefðu tilkynningar um misbrest í aðbúnaði þeirra til barnaverndaryfirvalda. Áhættuþættir voru skilgreindir sem þættir sem auka líkur á því að misbrestur í aðbúnaði barna eigi sér stað. Tilgátur sem leitast var við að svara voru eftirfarandi: 1) Fleiri unglingar sem hafði verið tilkynnt um misbrest í aðbúnaði hjá, þurftu á langtímameðferð að halda, 2) Fleiri áhættuþættir koma við sögu hjá þeim unglungum og fjölskyldum þeirra sem þurfa á langtímameðferð að halda, 3) Alvarlegri áhættu hegðun kom fram hjá unglungum sem þurftu á langtímameðferð að halda. Gagnaöflun er lokið, en ekki hefur verið unnið tölfraðilega úr gögnunum þegar þessi útdráttur er ritaður.

Nokkur hluti unglunga er vistaður á langtímameðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu á hverju ári vegna alvarlegrar áhættu hegðunar (Barnaverndarstofa, 2006). Áhættu hegðun unglunga er skilgreind hér nokkuð vítt eða sem líðan eða hegðun unglings sem getur valdið honum sjálfum eða öðrum skaða og/eða eykur líkur á því að unglungurinn valdi sjálfum sér eða öðrum skaða í framtíðinni (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, e.d.). Dæmi um líðan sem getur leitt til skaða er þunglyndi sem getur leitt til sjálfsvígs (Berk, 2007). Birtingarmyndir áhættu hegðunar unglunga eru margvíslegar. Sem dæmi má nefna þegar unglungurinn virðir ekki útivistartíma, neytir

áfengis eða annarra vímuefna, vanrækir nám sitt, fremur auðgunarglæpi (s.s. innbrot, skemmdarverk, þjófnað), reynir sjálfsvíg, beitir aðra ofbeldi eða stundar vændi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, e.d.).

Þegar um áhættu hegðun unglunga er að ræða ber að tilkynna um slíkt til barnaverndaryfirvalda samkvæmt Barnaverndarlögum nr. 80/2002. Þannig má segja að mál innan barnaverndarkerfisins á Íslandi skiptist annars vegar í mál er varða þolendur vanrækslu og/eða ofbeldis og hins vegar í mál barna sem sýna áhættu hegðun (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005). Í töflu 1 má sjá fjölda barna og flokka barnaverndartilkyninga sem

¹ Höfundur þakkar Aðstoðarmannasjóði Háskóla Íslands og Vísindasjóði Félagsráðgjafarfélagi Íslands veitta styrki til rannsóknarinnar. Jafnframt þakkar höfundur Elínu Róbertsdóttur og Aðalbjörgu Bjarnadóttur fyrir vel unnin störf við innihaldsgreiningu gagna. Auk þess þakkar höfundur Örnú Kristjánsdóttur og Þorleifi Kr. Níelssyni fyrir aðstoð þeirra við undirbúning þessarar rannsóknar.

Tafla 1. Barnaverndartilkynningar á árinu 2005 sem fela í sér áhættuhegðun barna.

| | Fjöldi tilk. | Af áhættuh. | Af heild |
|---|--------------|-------------|--------------|
| Áhættuhegðun | 3.164 | 100% | 53,8% |
| Neysla barns í vímuefnum | 544 | 17% | 9,3% |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | 920 | 29% | 15,6% |
| Afbrot barns | 1.350 | 43% | 23% |
| Barn beitir ofbeldi | 205 | 6% | 3,5% |
| Erfiðleikar barns í skóla – skólasókn áfátt | 172 | 5% | 2,9% |

(Barnaverndarstofa, 2006, bls. 91).

bárust á árinu 2005 vegna áhættuhegðunar barna innan 18 ára aldurs. Á árinu bárust 3.164 tilkynningar til barnaverndaryfirvalda um áhættuhegðun barna á landinu en alls bárust 5.879 barnaverndartilkynningar það ár. Meira en helmingur barnaverndartilkynninga þetta ár innihéldu áhættuhegðun barna eða tæplega 54%. Innihéldu því fleiri barnaverndartilkynningar upplýsingar um börn sem gerendur (áhættuhegðun) heldur en sem þolendur (Barnaverndarstofa, 2006).

Eins og sjá má í töflu 1, var algengt að tilkynnt væri um afbrot barns þegar um áhættuhegðun var að ræða. Því næst um að barn stefndi eigin heilsu eða þroska í hættu og loks um neyslu barns á vímuefnum. Talsvert færri tilkynningar bárust um að barn beitti annan aðila ofbeldi eða um erfiðleika barns í skóla. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að einungis er merkt við eina ástæðu sem talin er megin ástæða þegar tilkynning berst (Barnaverndarstofa, 2006), en líklegt verður að teljast að sama barn geti átt við margskonar vanda að stríða og einkennin komi því fram á fleiri en einn veg í mörgum tilfellum.

Á árinu 2005 voru 105 börn vistuð á langtímameðferðarheimilum einhvern hluta af árinu (Barnaverndarstofa, 2006). Langtímameðferðarheimilin voru fimm talsins þegar rannsóknin fór fram; Árbót/Berg í Aðaldal á Norðurlandi eystra, Geldingarlækur á Rangárvöllum á Suðurlandi, Laugaland í Eyjafjarðarsveit, Hvítárakki í Borgarfirði og Háholt staðsett í Varmahlíð í Skagafirði. Jafnframt hefur Barnaverndarstofa gert samning við Götusmiðjuna Brúarholt um

nokkur pláss fyrir unglunga í vímuefnamedferð en slík meðferð stendur að lágmarki í 10 vikur (Barnaverndarstofa e.d.). Á heimilunum eru 4-13 rými og fjöldi stöðugilda frá 4 upp í 17. Yfirleitt er gerður samningur um meðferð í eitt ár en ákvæði er þó um endurskoðun eftir 6 mánuði (Barnaverndarstofa, 2006).

Áður en unglingar hefja langtímameðferð, ber að reyna ýmis önnur vægari úrræði. Má þar nefna persónulegan ráðgjafa til handa unglungnum samkvæmt 24. grein Barnaverndarlaga nr. 80/2002 og greiningar- og meðferðarvistun á Stuðlum sem yfirleitt stendur yfir í 6-8 vikur. Á Stuðlum er einnig lokuð deild þar sem fram fer neyðarvistun unglunga með það að markmiði að grípa inn í óæskilega eða hættulega hegðun. Á meðferðardeild Stuðla eru 8 rými en á lokuðu deildinni eru 5 rými. Á Stuðlum eru rúmlega 25 stöðugildi á báðum deildum (Barnaverndarstofa, 2006).

Þróun áhættuhegðunar

Áhættuhegðun unglunga getur ýmist hafist á unglingsárunum sjálfum eða átt rætur að rekja til hegðunarvanda í barnæsku. Þegar áhættuhegðunin á rætur að rekja til hegðunarvanda í barnæsku eru mun meiri líkur á að hún þróist í andfélagslega hegðun á fullorðinsárum (Farrington og Loeber, 2000).

Þróun áhættuhegðunar sem á rætur að rekja frá barnæsku hefur verið útskýrð annars vegar með kenningum sem byggja á atferliskenningum og hins vegar út frá kenningum sem byggja á tengslamyndun. Patterson, Debaryshe og Ramsey (1989) settu fram líkan sem útskýrir þróun andfélagslegrar


hegðunar (sjá mynd 1). Gert er ráð fyrir í líkaninu að þróun slíkrar óæskilegrar hegðunar barna eigi rætur að rekja í skorti á stuðningi, ögun og eftirliti í æsku. Þannig sé um að ræða vanrækslu og skort á stuðningi sem komi fram í hegðunarvandkvæðum strax á leikskólaaldri barnsins. Óæskileg hegðun barna sé gjarnan jákvætt styrkt á þessum tíma. T.d. ef barn hendi sér í gólf í búðinni og heimti sælgæti sé látið undan því. Á sama tíma sé æskileg hegðun barnsins hunsuð. T.d. ef barnið situr hljóðlega og teiknar, veita foreldrarnir því enga athygli og þar með dragi úr æskilegri hegðun barnsins.

Patterson og félagar (1989) halda því fram að í tilfellum sem þessum þjálfari foreldrar beinlínis börn sín í óþekkt. Barn í slíkum aðstæðum fer einnig að haga sér óæskilega á öðrum stöðum en á heimilinu, t.d. í leikskólanum og síðar í skólanum. Þar sem slík börn hafa litla sjálfstjórn og taka lítið tillit til annarra vegna ofangreindra styrkingarháttá, er þeim hætt við að verða hafnað af hálfu annarra „eðlilegra“ jafnaldrá, auk þess sem námsárangur þeirra verður lélegri, þar sem þau skortir aðhald heima fyrir til að sinna námi sínu. Við það að verða hafnað af öðrum „eðlilegum“ jafnöldrum, eru þau líkleg til að upplifa vanlíðan, jafnvel þunglyndi. Þegar þau einangrast eru þau líkleg til að fara að leita til annarra barna í svipaðri stöðu og þau sjálf og mynda tengsl við þau. Á unglingsárum er líklegt að óæskileg hegðun slíkra barna

þróist enn frekar og birtingarmyndir verði alvarlegri, s.s. vímuefnanotkun og afbrot. Ef ekkert stöðvar þróunina eru slíkir einstaklingar líklegir á fullorðinsárum til að virða ekki reglur samfélagsins og þróa áfram andfélagslega hegðun.


Niðurstöður fjölmargra rannsókna styðja líkan Patterson's og féлага (sjá í Shaffer, 2000). Foreldrafærnisþjálfun hefur verið þróuð, sem felur í sér að kenna foreldrum að snúa þróuninni við á meðan börnin eru ung (Forgatch og Martinez, 1999). Í ljós hefur komið frá því að líkanið var sett fram að tilteknir eiginleikar barns geta aukið líkur á þróun áhættuhegðunar, t.d. erfið skapgerð barns eða ef barnið er með athyglisbrest og ofvirkni (Berk, 2007).

Annað sjónarmið í fræðaheiminum hefur einnig komið fram, en í því er lögð áhersla á mikilvægi tengslamyndunar milli foreldra og barns, sérstaklega þegar viðkomandi barn er með erfiða skapgerð, þ.e. er hvatvíst og óhrætt að eðlisfari (Kochanska, 1995; Kochanska, Gross, Lin og Nichols, 2002). Samkvæmt þessu sjónarmiði þarf að innræta barni siðferðiskennd. Innræting er ferli sem felur í sér að tileinka sér gildi annarra og gera þau að sínum eigin. Siðferðiskenndin felst í tilteknum lífsgildum sem hjálpa einstaklingnum að greina rétt frá röngu og hegða sér í samræmi við það. Ef einstaklingurinn hegðar sér í samræmi við það sem er rétt, upplifir hann stolt, en sektarkennd ef hann hagar sér í samræmi við



Mynd 1. Þróun andfélagslegrar hegðunar.

Patterson og félagar, 1989 (bls. 266).



Mynd 2. Þróun innrætingar hjá börnum (byggt á Kochanska, 1995).

það sem er siðferðilega rangt (Shaffer, 2000). Þetta sjónarmið sem rannsóknarniðurstöður hafa stutt ítrekað (sjá í Shaffer, 2000) á rætur sínar að rekja til Hoffman (1983), en hann hélt því fram að sá eiginleiki manneskjunnar að finna samhygð og finna til með öðrum manneskjum væri líffræðilegur. Kvíði þjónaði því lykilhlutverki þegar um innrætingu á siðferðilegum gildum væri að ræða. Foreldrar vektu kvíðaviðbrögð hjá barninu þegar þeir reyndu að innræta siðferðileg gildi.

Mjúkleg en ákveðin skilaboð eru yfirleitt nægjanleg til þess að fá barn með auðveldla skapgerð til að hlýða, því þau upplifa auðveldlega kvíða, hræðslu og sektarkennd (Kochanska, 1995; Kochanska og fleiri, 2002). Hins vegar duga slík skilaboð ekki fyrir börn sem eru með erfiða skapgerð, þ.e. sem eru hvatvís og óhrædd. Þau finna ekki eins auðveldlega fyrir hræðslu, kvíða og sektarkennd. Valdbeiting gagnvart slíkum börnum er heldur ekki gagnleg eða æskileg. Eins og sjá má á mynd 2 gegnir örugg tengslamyndun milli foreldra og barns lykilhlutverki þegar um hvatvís og óhrædd börn er að ræða. Þegar um slík tengsl er að ræða, tekur barnið fremur mark á foreldrum sínum, þrátt fyrir að finna lítið fyrir kvíða, þegar þeir hjálpa því að tileinka sér reglur samfélagsins á ákveðinn en hlýlegan hátt. Ef

örugg tengslamyndun er ekki fyrir hendi, tekur barn sem er hvatvíst og óhrætt síður mark á foreldrum sínum og innrætast því síður reglur samfélagsins hjá því (Fowles og Kochanska, 2000, Kochanska, 1995). Dæmi um meðferð sem leggur áherslu á að kenna foreldrum að mynda örugg tengsl við börn sín er svokölluð Marte Meo aðferð. Í beitingu þeirrar aðferðar eru myndskreið af samskiptum gjarnan tekin upp og skoðuð ítarlega og foreldrum kennt að bregðast öðrúvísi við þörfum barna sinna og á þann veg sem eykur líkur á öruggri tengslamyndun (Aarts, 2000).

Líkön Patterson's og félaga (1989) annars vegar og Kochanska (1995) hins vegar fela í sér að óæskileg hegðun barns þróist að hluta til vegna ófullnægjandi foreldrahæfni. Þegar ófullnægjandi foreldrahæfni er alvarlegs eðlis er um misbrest í aðbúnaði barna að ræða. Tengsl hafa fundist milli fjölda áhættuþátta og misbrests í aðbúnaði barna. Misbrestur í aðbúnaði barna getur haft í för með sér ýmis konar afleiðingar, m.a. áhættuhegðun þegar viðkomandi barn kemst á unglinsár (sjá í Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005; Miller-Perrin og Perrin, 2007). Fjöldi áhættuþátta hefur fundist sem auka líkur á misbresti í aðbúnaði og áhættuhegðun unglunga, bæði í umhverfi viðkomandi barns og hjá barninu sjálfu, s.s. eins og þunglyndi móður og hvatvís hjá barninu (sjá í Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005 og Ólafur Örn Bragason, 2003), ágreiningur í fjölskyldu, breytingar í formgerð fjölskyldu (t.d. skilnaðir) og takmörkuð tilfinningaleg hlýja í fjölskyldu (Farrington, 2004).

Í rannsókn þessari var leitast við að kanna stöðu og aðstæður þeirra unglunga sem barnaverndarafskipti voru af. Eftirfarandi tilgátur voru prófaðar: a) tilkynningar höfðu borist um vanrækslu eða ofbeldi hjá fleiri unglungum sem fóru í langtímameðferð heldur en unglungum sem fengu önnur vægari úrræði b) fleiri áhættuþættir tengdust fjölskyldum þeirra unglunga sem fóru í langtímameðferð, c) fleiri lögregluskýrslur bárust um unglunga sem fóru í langtímameðferð, d) fleiri

stuðningsúrræðum var beitt í málum unglunga sem fóru í langtímameðferð.

ADFERÐ

Undirbúningur rannsóknarinnar hófst árið 2003. Leyfi frá Persónuvernd og frá Barnavernd Reykjavíkur voru fengin, en rannsóknin fór fram hjá Barnavernd Reykjavíkur. Valið var úrtak úr tilkynningum um áhættuhegðun barna sem bárust á árinu 2001 og var hverju máli fylgt eftir út árið 2005.

Pátttakendur/úrtak. Í rannsókn þessari voru gögn barnaverndarstarfsmanna hjá Barnavernd Reykjavíkur innihaldsgreind. Valin voru tilviljanakennt 40 mál barna sem fædd voru á árunum 1986 til og með ársins 1988 og fólu í sér barnaverndartilkynningu um áhættuhegðun unglings á eins árs tímabili. Skilyrði fyrir því að mál væru tekin inn í rannsókn þessa voru að einhverjum úrræðum hefði verið beitt í málinu. Málunum var fylgt eftir út árið 2005 frá því að fyrsta tilkynning barst um áhættuhegðun unglings.

Mælitæki. Í rannsókn þessari var eigindlegum gögnum umbreytt í meginleg gögn og kallast aðferðin sem var notuð innihaldsgreining gagna (content analysis). Gögn barnaverndarstarfsmanna voru innihaldsgreind. Þegar þessi aðferð er notuð er skráningareyðublað þróað og ítarlegar skráningarleiðbeiningar sem fela í sér upplýsingar um það hvernig eigi kerfisbundið að kanna og skrá innihald texta, sem tengist rannsóknarspurningunni (Rubin og Babbie, 2005). Þetta var gert í rannsókn þessari. Frumbreytur voru margar í rannsókninni og skiptust í nokkra megin flokka, a) áhættuþættir, b) vanræksla/ofbeldi á heimili unglingsins og ofbeldi sem unglingurinn varð fyrir utan heimilis, c) Áhættuhegðun unglings/vandi unglings. Allar þessar breytur utan lýðfræðilegra höfðu tvö gildi (1 = til staðar (já), 2 = ekki til staðar (nei)). Lýðfræðilegar breytur höfðu nokkur gildi. Fylgibreytan í rannsókn þessari var langtímameðferð og hafði hún tvö gildi

(1 = já og 2 = nei). Langtímameðferð var skilgreind sem dvalarstaður fyrir unglinginn þar sem meðferð fer fram og barnið fer þangað til langtímadvalar (a.m.k. 6 mánuði). Fjölskylduheimilið við Ásvallagötu var skilgreint sem vægara úrræði, þar sem slíkt úrræði er ætlað börnum sem ekki geta búið hjá fjölskyldu sinni vegna einhverra ástæðna og þar fer fram stuðningur en ekki meðferð (Reykjavíkurborg, e.d.). Hver breyta var skilgreind ítarlega í skráningarkerfinu. T.d. bar að merkja við kvíða ef greining lág fyrir þess eðlis eða ef trúverðugur (credible) fullorðinn aðili hafði sagt að unglingurinn hefði greinst með kvíða eða hafði sagt unglinginn haldinn kvíða. Ef unglingurinn hafði sjálfur sagt að hann væri kvíðinn fyrir einu tilteknu atviki bar ekki að merkja við. Ef fram kom að unglingurinn væri á kvíðastillandi lyfjum bar að merkja við.

Framkvæmd/gagnasöfnun. Aðstoðarmanneskjur voru þjálfaðar í innihaldsgreiningu gagnanna. Tvær aðstoðarmanneskjur rannsakanda lásu yfir öll gögn í hverju máli og fylltu út skráningareyðublað fyrir hverja fjölskyldu. Þjálfunin fólst í því að yfirfara reglulega í byrjun rannsóknarinnar samræmi í skráningu þeirra og skera úr um hvernig skráning var rétt, þegar um ósamræmi var að ræða.

Úrvinnsla. Eftir að þjálfun var lokið og aðstoðarmanneskjur höfðu skráð öll gögnin fór rannsakandi yfir samræmi í skráningu aðstoðarmanneskjanna með það að markmiði að kanna áreiðanleika skráningarinnar. Ein breyta reyndist hafa óviðunandi samræmi ($K > 0,21$) og var því ekki tekin með í umfjöllun um niðurstöður. Allar aðrar breytur höfðu mjög gott ($K = 0,81-1,00$) samræmi (Altman, 1991). Öll gögn voru slegin inn í forritið SPSS og fór úrvinnsla fram í því forriti. Lýsandi tölfræði var notuð í úrvinnslu gagnanna. Einnig voru skoðuð tengsl milli breyta með t – prófum. Alpha mörk voru ákveðin 0,10 þar sem um afar lítið úrtak var að ræða (Hosmer og Lemeshow, 1989).

Niðurstöður

Í upphafi er heildarúrtakinu lýst út frá lýðfræðilegum breytum. Síðan eru hóparnir tveir bornir saman er varðar lýðfræðilega þætti, áhættuþætti, ofbeldi og vanrækslu, áhættuhegðun/vanda unglings og stuðningsúrræði. Eins og þegar hefur komið fram, samanstandur annar hópurinn af unglingum sem höfðu farið í langtímameðferð og hinn hópurinn af unglingum sem höfðu fengið vægari úrræði.

I. Úrtakið

Í úrtakinu voru 40 unglingar. Þeir voru fæddir á árunum 1986 til og með ársins 1988. Drengir voru í meiri hluta eða 23 talsins en stúlkur voru 17 talsins. Helmingur unglingsanna bjó hjá einstæðu foreldri og þá í allflestum tilfellum hjá einstæðri móður. Í einungis 5 tilfellum af 40 bjuggu unglingsarnir hjá báðum kynforeldrum sínum, en í fjórtán tilfellum bjuggu unglingsarnir hjá kynforeldri og stjúpforeldri. Í einu tilfelli var unglingurinn hjá skyldmennum.

Í tveimur þriðju hluta tilfella (67,5%) var menntun móður ekki skráð í gögnin. Af þeim tilfellum sem menntun var skráð, höfðu 7 mæður einungis grunnskólamenntun, 2 höfðu lokið iðnskólamenntun, 2 stúdentsprófi og 2 háskólamenntun. Í enn fleiri tilfellum vantaði upplýsingar um menntun feðra í gögnunum, eða í 80% tilfella. Af þeim tilfellum sem menntun feðra var skráð höfðu 7 grunnskólamenntun og einn hafði lokið háskólamenntun.

Atvinnustaða móður var í mun fleiri tilfellum skráð heldur en menntun þeirra. Í 24 tilfellum var móðir í vinnu, en í 11 tilfellum frá vinnu, þar af í 8 tilfellum vegna veikinda eða örorku. Í 7 tilfellum (17,5%) var ekki vitað um atvinnustöðu móður. Upplýsingar vantaði hins vegar í meiri hluta tilfella um atvinnustöðu feðra eða í 22 af 40 tilfellum (55%). Af þeim tilfellum sem atvinnustaða feðra var skráð voru 17 í launaðri vinnu og einn atvinnulaus.

Fjöldi barna á heimili var allt frá einu barni til fjögurra barna. Í flestum tilfellum voru þrjú börn á heimilinu (16 tilfelli), þá eitt barn (12 tilfelli) og því næst tvö börn (10 tilfelli), en í

einungis tveimur tilfellum voru fjögur börn á heimilinu.

Samanburður á hópunum

Í langtímameðferðarhópnum voru 16 unglingar en 24 í samanburðarhópnum sem höfðu fengið vægari úrræði.

Í töflu 2 má sjá samanburð á lýðfræðilegum þáttum meðal hópanna. Lýðfræðilegu breytunum hefur verið umbreytt í tveggja flokka breytur. Eins og sjá má í töflunni þá býr talsvert hærra hlutfall unglings sem fóru í langtímameðferð hjá einstæðu foreldri eða skyldmenni en ekki hjá kynforeldrum eða kynforeldri og stjúpforeldri og er munurinn marktækur ($t = 1,56$). Einnig var nokkuð hærra hlutfall unglings sem fóru í langtímameðferð sem áttu foreldra sem einungis höfðu lokið grunnskólamenntun. Munurinn varðandi menntun móður er marktækur ($t = 2,11$). Einnig kemur fram svolítil munur er varðar atvinnu foreldra, nokkuð hærra hlutfall mæðra unglings sem fóru í langtímameðferð voru ekki í launaðri vinnu og talsvert hærra hlutfall feðra. Þessi munur er þó ekki marktækur. Aftur á móti var talsvert minna um að þrjú til fjögur börn væru á heimili unglings sem fóru í langtímameðferð, heldur en eitt til tvö börn, sá munur var þó ekki marktækur.

a) Áhættuþættir

Aðrir áhættuþættir en lýðfræðilegir voru til staðar hjá fjölskyldum margra unglingsanna. En eins og sjá má í töflunni er hlutfall áhættuþátta nokkuð hátt varðandi suma þætti meðal beggja hópa, t.d. bjuggu 50% fjölskyldna þeirra unglings sem fóru í langtímameðferð við fjárhagserfiðleika og 42% þeirra unglings sem fengu vægari úrræði. Unglingar sem fóru í langtímameðferð voru líklegri til búa við ágreining milli foreldris á heimili og foreldris utan heimilis og var sá munur marktækur ($t = 1,69$). Það vekur athygli að mun færri unglingar sem fóru í langtímameðferð áttu móður með geðræn vandkvæði heldur en unglingar sem fengu vægari úrræði og var um marktækan mun þar að ræða.

Tafla 2. Lýðfræðilegar breytur sem tengjast þeim unglingum sem fóru í langtíma meðferð annars vegar og þeirra unglunga sem fengu vægari úrræði hins vegar.

| Lýðfræðilegar breytur | Langtíma-meðferð | Vægari úrræði | Samtals | P gildi |
|---------------------------------------|------------------|---------------|----------|---------|
| Fjölskylda | | | | |
| Einst. for. eða skyldmenni | 10 (62%) | 9 (37%) | 19 (47%) | 0,06* |
| Menntun móður – grunnskólamenntun | 4 (25%) | 2 (8%) | 6 (15%) | 0,03* |
| Menntun föður – grunnskólamenntun | 5 (31%) | 3 (12%) | 8 (20%) | - |
| Atvinna móður – ekki í launaðri vinnu | 10 (62%) | 12 (50%) | 22 (55%) | 0,32 |
| Atvinna föður – ekki í launaðri vinnu | 10 (62%) | 7 (29%) | 17 (42%) | 0,18 |
| Fjöldi barna á heimili – 3 eða 4 | 8 (50%) | 14 (58%) | 22 (55%) | 0,31 |

Hjúskaparstaða foreldra/fjölskylda sem barnið býr hjá (1 = einstætt foreldri eða skyldmenni, 0 = annað). Menntun foreldra (1 = grunnskólamenntun, 0 = annað). Atvinna foreldra (1 = heimavinnandi/sjúklingur/öryrki, 0 = annað). Fjöldi barna á heimili (1 = 3-4 börn, 0 = 1-2 börn).

* p < 0,10

Tafla 3. Áhættuþættir í fjölskyldum unglunga sem fóru í langtíma meðferð annars vegar og unglunga sem fengu vægari úrræði hins vegar.

| Áhættuþáttur | Langtíma-meðferð | Vægari úrræði | Samtals | P gildi |
|--|------------------|---------------|----------|---------|
| Fjárhagserfiðleikar | 8 (50%) | 10 (42%) | 18 (45%) | 0,31 |
| Áfengis/vímuefnavandi foreldra | 8 (50%) | 9 (37,5%) | 17 (42%) | 0,22 |
| Ágreiningur milli foreldra á heimili | 2 (12%) | 2 (8%) | 4 (10%) | 0,34 |
| Ágreiningur milli foreldris á heimili og foreldris utan heimilis | 6 (37%) | 3 (12%) | 9 (22%) | 0,05* |
| Ágreiningur milli foreldris og unglings | 10 (62%) | 17 (71%) | 27 (67%) | 0,30 |
| Geðræn vandkvæði móður | 3 (19%) | 11 (46%) | 14 (35%) | 0,03* |
| Geðræn vandkvæði föður | 0 (0%) | 1 (4%) | 1 (2%) | 0,16 |
| Annar vandi | 6 (37%) | 10 (42%) | 16 (40%) | 0,40 |
| Meðalfjöldi áhættuþátta | 2,69 | 2,62 | 2,65 | 0,90 |
| Annar vandi | 6 (37%) | 10 (42%) | 16 (40%) | 0,40 |
| Meðalfjöldi áhættuþátta | 3,25 | 2,79 | 3,075 | 0,31 |

* p < 0,10

Tafla 4. Vanræksla eða ofbeldi sem unglingurinn eða systkini hans höfðu orðið fyrir.

| Vanræksla/ofbeldi | Langtíma-meðferð | Vægari úrræði | Samtals | P gildi |
|---|------------------|---------------|----------|---------|
| Vanræksla | 7 (44%) | 13 (54%) | 20 (50%) | 0,27 |
| Líkamlegt ofbeldi | 1 (6%) | 10 (42%) | 11 (27%) | 0,003* |
| Kynferðislegt ofbeldi | 1 (6%) | 2 (8%) | 3 (7%) | 0,41 |
| Tilfinningalegt ofbeldi/ tilfinningaleg vanræksla | 1 (6%) | 2 (8%) | 3 (7%) | 0,41 |
| Líkamlegt ofbeldi milli foreldra | 3 (19%) | 4 (17%) | 7 (17%) | 0,43 |
| Polandi: | | | | |
| Barnið sjálft | 8 (50%) | 18 (75%) | 26 (65%) | - |
| Systkini barns | 3 (19%) | 8 (33%) | 11 (27%) | - |
| Ofbeldi gagnvart unglingi – gerandi utan fjölskyldu | | | | |
| Nauðgun | 3 (19%) | 2 (8%) | 5 (12%) | 0,19 |
| Kynferðisleg áreitni | 0 (0%) | 4 (17%) | 4 (10%) | 0,02* |
| Líkamlegt ofbeldi | 1 (6%) | 2 (8%) | 3 (7%) | 0,41 |

* p < 0,10

b) Ofbeldi og vanræksla

Eins og sjá má í töflu 4, hafði stór hluti unglínganna orðið fyrir vanrækslu eða ofbeldi. Um 50% unglínganna höfðu orðið fyrir vanrækslu. Athygli vekur að marktækt færri unglíngar sem höfðu farið í langtímameðferð höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi ($t = 2,94$) annars vegar og kynferðislegri áreitni utan fjölskyldu ($t = 2,14$) hins vegar heldur en þeir unglíngar sem fengu vægari úrræði.

C) Áhættuhegðun/vandi unglíngs

Eins og sjá má á töflu 5 voru birtingarmyndir áhættuhegðunar unglínganna og vanda þeirra margvíslegar. Hátt hlutfall unglínganna í báðum hópum voru með athyglisbrest með ofvirkni, þjáðustafþunglyndi, áttu við félagslega erfiðleika að stríða og voru haldnir árársarhneigð. Athygli vekur að tæplega þriðjungur unglínganna hafði

sýnt sjálfskaðandi hegðun og 12% hafði stundað vandi. Jafnframt hafði nokkuð hátt hlutfall unglínganna stundað einhvers konar afbrot, s.s. þjófnað eða unnið skemmdarverk. Marktækt fleiri unglíngar sem fóru í langtímameðferð var lýst með skapofsa eða mótþróaþrjóscuröskun ($t = 2,16$), höfðu verið gerendur eineltis ($t = 1,46$) og skaðað annan einstakling með líkamsárás ($t = 2,21$). Einnig voru þeir líklegri til að hafa beitt foreldri sitt ofbeldi ($t = 1,43$), en sá munur var einnig marktækur. Jafnframt voru þeir líklegri til að eiga við félagslega erfiðleika að stríða ($t = 1,70$) og sýna önnur vandkvæði ($t = 1,14$) en upp eru talin í töflunni heldur en unglíngar sem fengu vægari úrræði. Enn fremur voru unglíngar sem fóru í langtímameðferð líklegri til að vera með skapofsa ($t = 2,14$) og verið aðili að líkamsárás einn eða með öðrum ($t = 2,12$).

Tafla 5. Birtingarmyndir áhættuhegðunar unglínganna sem fóru í langtímameðferð annars vegar og þeirra unglínganna sem fengu vægari úrræði hins vegar.

| Áhættuhegðun/vandi unglíngs | Langtímameðferð | Vægari úrræði | Samtals | P gildi |
|--|-----------------|---------------|-----------|---------|
| Gerandi eineltis | 2 (12%) | 0 (0%) | 2 (5%) | 0,08* |
| Polandi eineltis | 7 (44%) | 9 (37%) | 16 (40%) | 0,35 |
| Félagslegir erfiðleikar | 11 (69%) | 10 (42%) | 21 (52%) | 0,05* |
| Hegðunarerfiðleikar | 16 (100%) | 24 (100%) | 40 (100%) | - |
| Áfengis/vímuefnaneysla | 11 (69%) | 20 (83%) | 31 (77%) | 0,16 |
| Sjálfskaðandi hegðun | 4 (25%) | 8 (33%) | 12 (30%) | 0,29 |
| Árársarhneigð | 11 (69%) | 12 (50%) | 23 (57%) | 0,13 |
| Athyglisbrestur með eða án ofvirkni | 9 (56%) | 15 (62%) | 24 (60%) | 0,35 |
| Námsörðugleikar | 5 (31%) | 9 (37%) | 14 (35%) | 0,35 |
| Þunglyndi | 11 (69%) | 16 (67%) | 27 (67%) | 0,45 |
| Kviði | 4 (25%) | 10 (42%) | 14 (35%) | 0,14 |
| Þjófnaður | 14 (87%) | 17 (71%) | 31 (77%) | 0,10 |
| Innbrot | 8 (50%) | 9 (37%) | 17 (42%) | 0,22 |
| Skemmdarverk | 8 (50%) | 9 (37%) | 17 (42%) | 0,22 |
| Líkamlegt ofbeldi unglíngs gagnvart foreldri | 6 (37%) | 4 (17%) | 10 (25%) | 0,08* |
| Líkamsárás | 8 (50%) | 4 (17%) | 12 (30%) | 0,02* |
| Fíkniefnabrot | 6 (37%) | 9 (37%) | 15 (37%) | 1,00 |
| Skapofsi/mótþróaþrjóscuröskun | 11 (69%) | 8 (33%) | 19 (47%) | 0,02* |
| Vandi varðandi skólagöngu | 7 (44%) | 7 (29%) | 14 (35%) | 0,18 |
| Neikvæð sjálfsmýnd | 4 (25%) | 4 (17%) | 8 (20%) | 0,29 |
| Útigangur | 8 (50%) | 11 (46%) | 19 (47%) | 0,45 |
| Hefur stundað vandi | 2 (12%) | 3 (12%) | 5 (12%) | 0,48 |
| Önnur vandkvæði | 16 (100%) | 22 (92%) | 38 (95%) | 0,08* |
| Meðalfjöldi vandkvæða | 11,81 | 10 | 10,72 | 0,05* |
| Meðalfjöldi lögregluskýrslna vegna unglíngs | 5,81 | 2,54 | 3,85 | 0,03* |

* $p < 0,10$

Tafla 6. Stuðningsúrræði og tilvísanir sem beitt var í málum unglunga sem fóru í langtímameðferð annars vegar og þeirra unglunga sem fengu vægari úrræði hins vegar.

| Stuðningsúrræði – vægari úrræði | Langtímameðferð | Önnur úrræði | Samtals | P gildi |
|---|-----------------|--------------|----------|---------|
| Viðtöl hjá þerapista | 12 (75%) | 18 (75%) | 30 (75%) | 1,00 |
| Persónulegur ráðgjafi | 9 (56%) | 12 (50%) | 21 (52%) | 0,35 |
| Þátttaka í Hálandishópnum | 1 (6%) | 2 (8%) | 3 (7%) | 0,41 |
| Unglingaathvarf | 0 (0%) | 1 (4%) | 1 (2%) | 0,21 |
| Árvellir vímuefnameðferð | 6 (37%) | 7 (29%) | 13 (32%) | 0,30 |
| Meðferð á vegum S.Á.Á. | 6 (37%) | 8 (33%) | 14 (35%) | 0,40 |
| Neyðarvistun á Stuðlum | 8 (50%) | 9 (37%) | 17 (42%) | 0,22 |
| Greiningar-og meðferðarvistun á Stuðlum | 8 (50%) | 9 (37%) | 17 (42%) | 0,22 |
| Önnur úrræði | 10 (62%) | 15 (62%) | 25 (62%) | 1,00 |
| Fjölskylduheimili | 2 (12%) | 4 (17%) | 6 (15%) | 0,36 |
| Fóstur | 4 (25%) | 7 (29%) | 11 (28%) | 0,39 |
| Tilvísanir | | | | |
| Bugl | 7 (44%) | 7 (29%) | 14 (35%) | 0,18 |
| Vímulaus æska | 3 (19%) | 2 (8%) | 5 (12%) | 0,19 |
| Meðalfjöldi vægari úrræða og tilvísana | 4,12 | 3,92 | 4,15 | 0,21 |

* $p < 0,10$

Unglingar sem fóru í langtímameðferð voru með marktækt fleiri birtingarmyndir áhættuhegðunar en unglunga sem fengu vægari úrræði ($t = 2,04$). Að meðaltali höfðu verið skráðar tæplega fjórar lögregluskýrslur vegna áhættuhegðunar unglunganna. Marktækt fleiri lögregluskýrslur voru skráðar á þá unglunga sem fóru í langtímameðferð eða tæplega 6 að meðaltali heldur en á þá unglunga sem ekki fóru í langtímameðferð eða um 2,5 ($t = 2,02$).

d) Stuðningsúrræði

Eins og kemur fram í töflu 6, þá var mest um að unglungunum væri vísað í viðtöl til þerapista (aðili sem hefur sérmenntun í viðtalsmeðferð, t.d. sálfræðingur, félagsráðgjafi, geðlæknir, geðhjúkrunarfræðingur), í neyðarvistun á Stuðla og í greiningar-og meðferðarvistun á Stuðla. Ekki reyndist marktækur munur á notkun neinna úrræða eða tilvísana milli hópanna.

Eins og hefur komið fram fóru 16 börn í langtímameðferð. Lengd langtímameðferðar var allt frá 8 mánuðum til tveggja ára. Að meðaltali höfðu unglungarnir verið 17 mánuði í langtímameðferð (upplýsingar vantaði þó um tímalengd langtímameðferðar í einu tilfelli).

Einnig fóru alls 11 unglunga í fóstur eftir að málþeirra voru tilkynnt til barnaverndaryfirvalda vegna áhættuhegðunar, þar af 4 börn sem fóru einnig í langtímameðferð. Af þeim 11 unglungum sem höfðu farið í fóstur, höfðu 2 farið til ættingja, 7 til annarra en ættmenna og í tveimur tilfellum var ekki vitað hvort um ættingja væri að ræða. Tímalengd fósturs var allt frá fimm mánuðum til fimm ára (upplýsingar vantaði um tímalengd í einu tilfelli). Að meðaltali höfðu unglungarnir verið tæplega tvö ár í fóstur (22,7 mánuði).

Umræða

Drengir voru í meiri hluta úrtaksins, sem þarf kannski ekki að koma á óvart þegar um áhættuhegðun unglunga er að ræða. Einungis 5 (13%) unglungar bjuggu hjá báðum kynforeldrum sínum og helmingur þeirra bjó hjá einstæðu foreldri. Upplýsingar um menntun foreldra vantaði í meiri hluta málanna og atvinnu föður, en afar mikilvægt er að upplýsingar um grunnþætti eins og t.d. menntun og atvinnu séu skráðar. Þær lýðfræðilegu breytur sem höfðu marktæk tengsl við langtímameðferð unglunga voru annars vegar fjölskyldugerð og hins vegar menntun mæðra. Þannig voru þeir unglunga

sem fóru í langtímameðferð líklegri til þess að búa hjá einstæðu foreldri eða skyldmennum og eins voru þeir líklegri til að eiga móður sem hafði einungis grunnskólamenntun heldur en unglingar sem fengu vægari úrræði.

Þegar áhættuþættir er varða fjölskyldu unglinganna eru skoðaðir, kemur fram að nokkuð hátt hlutfall fjölskyldnanna í báðum hópum áttu við fjárhagsvanda að stríða og eins átti hátt hlutfall foreldra hópanna við áfengis/vímuefnavanda að stríða. Ekki er þó marktækur munur á hópunum hvað þetta varðar. Ágreiningur milli foreldris á heimili og foreldris utan heimilis var í marktækt fleiri tilfellum meðal þeirra unglunga sem fóru í langtímameðferð. Hins vegar voru geðræn vandkvæði foreldra marktækt tíðari meðal unglunga sem fengu vægari úrræði heldur en þeirra sem fóru í langtímameðferð og verður það að teljast niðurstaða sem kemur á óvart. Hugsanlegt er að unglingar sem eiga foreldra með geðræn vandkvæði flytji frekar til annars foreldris sem ekki á við geðræn vandkvæði að stríða. Þannig er hugsanlegt að gripið sé fyrir inn í slík mál og þau þróist þá síður með þeim hætti að beitt sé alvarlegri úrræðum. Ekki reyndist vera marktækur munur á fjölda áhættuþátta meðal hópanna og var sú tilgáta því ekki studd.

Eins kom á óvart að marktækt oftar var greint frá líkamlegu ofbeldi af hálfu foreldra gagnvart unglingnum eða systkini hans meðal unglunga sem fengu vægari úrræði heldur en þeirra unglunga sem fóru í langtímameðferð. Jafnframt kom það á óvart að þeir unglingar sem fengu vægari úrræði höfðu marktækt fleiri verið áreittir kynferðislega af aðila utan fjölskyldu heldur en unglingar sem fóru í langtímameðferð. Þessar niðurstöður koma nokkuð á óvart, þar sem maður skyldi ætla að unglingar sem hafa orðið fyrir líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi hefðu fremur þurft á meðferðarvistun að halda en aðrir unglingar í vanda. Þá vekur athygli hve hátt hlutfall unglunga og systkina þeirra í báðum hópum höfðu verið vanrækt eða beitt ofbeldi. Tilgátan um að fleiri unglingar í

langtímameðferðarhópnum hefðu orðið fyrir misbrest í uppeldi var ekki studd.

Þar sem einungis kemur fram í rannsókninni það sem skráð er í gögnum barnaverndarstarfsmanna og ekki virðist markvisst spurt út í hvort unglingar hafi orðið fyrir ofbeldi eða vanrækslu og slíkt ekki alltaf tilkynnt, eru þær tölur sem fram koma í rannsókninni um ofbeldi og vanrækslu nokkuð háar. Ljóst er því að meiri hluti unglunga í úrtakinu hefur búið við óviðunandi aðstæður á heimili sínu og orðið þannig fyrir misbrest í uppeldi, ýmist vanrækslu eða ofbeldi. Einnig hafði stór hluti unglunga búið við slæman aðbúnað eins og t.d. fjárhagserfiðleika á heimili og áfengis/vímuefnavanda foreldra. Aðstæður sem þessar virðast því ekki ákjósanlegar til að mynda traust tengsl við barn eða til þess að styðja það, setja því mörk og hafa eftirlit með því. En eins og kom fram í inngangi gerir kenning Patterson's og féлага (1989) ráð fyrir að andfélagsleg hegðun mótist eftir að tiltekið ferli hefur átt sér stað sem byggir á skorti á stuðningi, ögun og eftirliti foreldra. Þá er lögð áhersla á í kenningu Kochanska (1995) að traust tilfinningatengsl séu nauðsynleg þegar börn með erfiða skapgerð eigi í hlut. En eins og kom fram í rannsókn þessari áttu börn sem fóru í langtímameðferð oftar í erfiðleikum með skap sitt og höfðu fleiri ráðist á annan aðila, þar á meðal foreldra og veitt skaða heldur en börn sem fengu vægari úrræði.

Þegar litið er til áhættuhegðunar unglunga kemur fram að hátt hlutfall þeirra eða um helmingur átti við félagslega erfiðleika að stríða. Meiri hluti unglunga átti einnig við þunglyndi að stríða og voru haldnir árásarhneigð. Mikill meiri hluti hafði stundað þjófnað. Þá er athyglisvert að þeir unglingar sem fóru í langtímameðferð voru líklegri til að vera gerendur eineltis, vera með skapofsa, hafa ráðist á annan aðila og hafa oftar verið nefndir á lögregluskýrslum heldur en unglingar sem höfðu fengið vægari úrræði. Fleiri lögregluskýrslur höfðu verið gerðar vegna unglunga sem fóru í langtímameðferð heldur en vegna unglunga sem fengu vægari úrræði og

var sú tilgáta því studd.

Ýmsum úrræðum hafði verið beitt í málum unglingsanna eða að meðaltali 4,15 úrræði og tilvísanir. Ekki var marktækur munur á fjölda úrræða og tilvísana meðal hópanna. Sú tilgáta að unglingar sem fóru í langtímameðferð fengju fleiri úrræði en unglingarnir í samburðarhópnum var því ekki studd. Nærri því helmingi unglingsanna sem fóru í langtímameðferð hafði verið vísað inn á BUGL og nærri því þriðjungu unglingsanna sem höfðu fengið vægari úrræði. Meiri hluti unglingsanna hafði fengið viðtöl hjá þerapistu og rúmlega helmingur þeirra hafði fengið persónulegan ráðgjafa. Nokkur hluti unglingsanna í báðum hópum hafði einnig farið í vímuefnameðferð á Árvelli og í meðferð á vegum S.Á.Á. Auk þess hafði helmingur unglingsanna verið vistaður á Stuðlum í neyðarvistun annars vegar og greiningar- og meðferðarvistun hins vegar. Rúmlega þriðjungur unglingsanna sem hafði fengið önnur úrræði hafði vistast á Stuðlum í neyðarvistun annars vegar og greiningar- og meðferðarvistun hins vegar.

Rannsóknarniðurstöður þessar benda til þess að mikilvægt sé að gripið sé inn í eins fljótt og unnt er þegar um misbrest í aðbúnaði er að ræða og tilkynningar berast um það til barnaverndarnefnda. Með markvissri íhlutun og stuðningi við börn og fjölskyldur þeirra er mögulega hægt að koma í veg fyrir að vandinn þróist áfram og versni eins og líkan Patterson's og félaga (1989) felur í sér. Auk þess er mikilvægt að vinna langtímarannsóknir af þessu tagi fram í tímann fremur en aftur í tímann, þannig að börnum sé fylgt eftir frá því tilkynningar berast til fullorðinsára. Áhættuþættir séu metnir ítarlega á þeim tíma sem fyrsta tilkynning berst og reglulega þar á eftir til fullorðinsára. Mikilvægt er einnig að rannsaka ítarlegar mikilvægi tengslamyndunar og hvort uppbyggileg tengslamyndun dragi úr líkum á því að börn með erfiða skapgerð leiðist í vanda á unglingsárum.

Heimildaskrá

- Aarts, M. (2000). *Marte Meo: Basic manual*. Amsterdam: Aarts Productions.
- Altman, D. G. (1991). *Practical statistics for medical research*. New York: Chapman and Hall.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Barnaverndarstofa. (2006). *Ársskýrsla 2004-2005*. Reykjavík: Höfundur.
- Berk, L.E. (2007). *Development through the lifespan* (4. útg.). Boston: Pearson Education, Inc.
- Farrington, D.P. (2004). Conduct disorder, aggression, and delinquency. In R.M. Lerner & L. Steinberg (ritstj.), *Handbook of adolescent psychology* (2. útg., bls. 627-664). New York: Wiley.
- Farrington, D.P. og Loeber, R. (2000). Epidemiology of juvenile violence. *Juvenile Violence*, 9, 733-748.
- Forgatch, M.S. og Martinez, C.R. (1999). Parent management training: A program linking basic research and practical application. *Tidsskrift for norsk psykologforening*, 36, 923-937.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2005). *Risk factors for repeated child maltreatment in Iceland: An ecological approach*. Reykjavík: University of Iceland Press.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (e.d.). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd: SOF*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Hoffman, M.L. (1983). Affective and cognitive processes in moral internalization. Í E.T. Higgins, D. Ruble og W.Hartup (Ritstj.), *Social cognition and social development: A Socio-cultural perspective* (bls. 236-274). Cambridge: Cambridge University Press.

- Hosmer, D.W. og Lemeshow, S. (1989). *Applied Logistic Regression*. New York: A Wiley-Interscience Publication.
- Kochanska, G. (1995). Children's temperament, mothers discipline, and security of attachment: Multiple pathways to emerging internalization. *Child Development*, 66, 597-615.
- Kochanska, G., Gross, J.N., Lin, M.-H. Og Nichols, K.E. (2002). Guilt in young children: Development, determinants, and relations with broader system standards. *Child Development*, 73, 461-482.
- Patterson, G.R., DeBaryshe, B. Og Ramsey, E. (1989). A developmental perspective on antisocial behavior. *American Psychologist*, 44, 329-335.
- Reykjavíkurborg. (e.d.). *Velferðarsvið*. Sótt 26.01.2008 af <http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-1092/>.
- Rubin, A. og Babbie, E. (2005). *Research Methods for Social Work* (5. útg.). Belmont: Thomson Learning, Inc.
- Shaffer, D.R. (2000). *Social & personality development* (4. útg.). Belmont: Wadsworth/Thomson Learning.



Börn og fátækt

Guðný Björk Eydal dósent í félagsráðgjöf
við Háskóla Íslands og
Cynthia Lisa Jeans félagsráðgjafi (MA)
Doktorsnemi við Bath University í Englandi.

Á undanförunum árum hafa rannsóknir á fátækt barna í velferðarríkjunum færst í vöxt. Í greininni er fjallað um stöðu þekkingar á fátækt barna á Íslandi og helstu aðferðir til að mæla barnafátækt. Rannsakendur hafa beitt margvíslegum aðferðum til að afla þekkingar um fátækt barna og hér verður rætt um kosti og galla ólíkra aðferða en megin áhersla verður lögð á það sem nefnt hefur verið sjónarhorn barnsins (e. the child perspective). Í greininni er greint frá niðurstöðum samanburðarrannsókna þar sem fátækt er skilgreind í samræmi við viðmið Evrópusambandsins sem sýna að staða Íslands og annarra Norðurlanda er svipuð. Þá er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna sem unnin var á viðhorfi og upplifun 206 reykvískra barna á fátækt. Niðurstöður sýna að flest börnin þekkja til fátæktar í umhverfi sínu en lítill hópur barna segist búa við fátækt. Að lokum verður rætt um hvernig rannsóknir á fátækt barna geta haft áhrif á störf félagsráðgjafa með börnum og barnastefnu stjórnvalda.

Hér er fjallað um stöðu þekkingar á fátækt barna á Íslandi og helstu aðferðir til að mæla barnafátækt. Rannsakendur hafa beitt margvíslegum aðferðum til að afla sér þekkingar um fátækt barna og hér verður rætt um kosti og galla ólíkra aðferða. Þá verður fjallað um sjónarhorn barnsins (e. *the child perspective*) og áhrif þess á rannsóknir á fátækt barna. Þegar barnasjónarhorni er beitt er leitast við að fanga sýn barna á eigið líf og umhverfi, helst með gögnum sem aflað er meðal barna. Þá er gerð grein fyrir nýlegri rannsókn sem unnin var á viðhorfi og upplifun 206 reykvískra barna á fátækt. Þá verður einnig rætt um stöðu barna sem neytenda og í því sambandi um áhrif efnahags á félagsleg tengsl og stöðu barna í jafningjahópnum. Að lokum verður rætt um hvernig rannsóknir á fátækt barna geta haft áhrif á störf félagsráðgjafa með börnum og stefnumótun stjórnvalda í málefnum barna.

Skilgreiningar og mælingar á fátækt

Skipulagðar rannsóknir á fátækteiga sérrúmlega hundrað ára sögu. Meðal áhrifaríkra frumkvöðla var breski fræðimaðurinn Seebom Rowntree sem bjó til svokölluð algild fátæktarmörk (e.

absolute poverty line) árið 1899. Rowntree bjó til lista yfir það sem hann taldi nauðsynlegt til framfærslu og þá sem ekki höfðu tekjur sem dugðu fyrir ofangreindum nauðsynjum skilgreindi Rowntree (2000) sem fátæka. Slík algild fátæktarmörk hafa víða verið notuð, t.d. hafa Bandaríkjamenn notað slíka skilgreiningu um áratuga skeið (Iceland og Bauman, 2007). Í rannsókn á einkennum og aðstæðum fátækra á Íslandi við upphaf 21. aldar útfærði Harpa Njál (2003) mat á lágmarksframfærslukostnaði og skilgreindi algild fátæktarmörk. Niðurstöður Hörpu sýndu að upphæðir almannatrygginga og framfærslustyrkja félagsþjónustu sveitarfélaga væru talsvert lægri en útreiknaður lágmarksframfærslukostnaður. Þá gagnrýndi Harpa hversu takmarkað tillit væri tekið til framfærslukostnaðar vegna barna í reglum um fjárhagsaðstoð hjá tilteknum sveitarfélögum.

Þó algild fátæktarmörk séu enn notuð, er algengara að nota svokölluð afstæð fátæktarmörk (e. *relative poverty line*). Þá er einstaklingur skilgreindur fátækur ef tekjur hans fara undir fyrirfram skilgreint hlutfall af tekjum þess hóps sem miðað er við, að teknu tilliti til fjölskyldustærðar (Stefán

Ólafsson, 1999). Slíkar skilgreiningar hafa m.a. verið notaðar af Evrópusambandinu og OECD í samanburðarránsóknum á fátækt. Ísland hefur tekið þátt í tveimur slíkum samanburðarránsóknum þar sem afstæð fátæktarmörk hafa verið notuð.

Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson tóku þátt í norrænni ránsókn þar sem fátæktarmörk voru miðuð við 50% af miðgildi ráðstöfunartekna, eftir að tekið hafði verið tillit til fjölskyldustærðar (einn fullorðinn fékk vægið 1,0, maki 0,7 og hvert barn 0,5) (Gustavsson og Pedersen, 2000). Niðurstöður ránsókna Stefáns Ólafssonar og félaga sýndu fram á að árið 1988 bjuggu tæplega 8% íslensku þjóðarinnar við fátækt. Árið 1997-8 var mælingin endurtekin og þá reyndust 6,8 % búa við fátækt. Samkvæmt þessum niðurstöðum var fátækt talsvert útbreiddari á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum (5,3% í Danmörku, 4,1% í Finnlandi, 3,5% í Noregi og 4,9% í Svíþjóð) (Stefán Ólafsson, 1999; Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson, 2000). Slíkar ránsóknir hafa því ekki verið framkvæmdar síðan 1997-8 og því óhægt um vik að meta þróun fátæktar hérlendis.

Árið 2003 hóf Hagstofa Íslands þátttöku í samræmdri evrópskri lífsskjararánsókn á vegum Eurostat (EU-SILC) en markmið hennar er að greina lágtekjuhópa og hópa sem hætt er við félagslegri einangrun. Ránsóknin er framkvæmd árlega í öllum löndum Evrópusambandsins, Íslandi, Noregi og Sviss. Lögð er áhersla á að nýta kosti úrstakskannana en upplýsingar um tekjur eru fengnar úr skattskrá og því eru tekjuupplýsingar eins

áreiðanlegar og mögulegt er (*Hagtíðindi*, 2007:1). Þó hér sé notuð afstæð skilgreining á fátæktarmörkum þá er hún með nokkuð öðrum hætti en í ofangreindum ránsóknum. Hagstofa Íslands notar hugtakið lágtekjumörk og bendir á að hugtakið vísi eingöngu til tekna og að ekki sé víst að allir sem búi undir lágtekjumörkum búi við þröngan kost, því auk tekna hafi atriði eins og eigna- og skuldastaða áhrif á lífsskjör fólks (*Hagtíðindi*, 2007:1). Í skilgreiningunni á lágtekjumörkum (e. *at risk of poverty*) er miðað við 60% af miðgildi tekna og maki fær vægið 0,5 en barn 0,3, sem er nokkuð minna vægi en í ofangreindum eldri ránsóknum þar sem maki hafði vægið 0,7 og barn 0,5 (Ritakallio og Bradshaw, 2006). Þegar Ísland er borið saman við önnur lönd kemur í ljós að hlutfall þeirra sem mælast undir lágtekjumörkum er svipað á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum þ.e. með því lægsta sem gerist í Evrópu, eins og sjá má á meðfylgjandi töflu 1.

Ef litið er til heildarhlutfalls þeirra sem búa undir lágtekjumörkum þá eru það um 10% á Íslandi, 11% í Noregi en 12% í Danmörku og Finnlandi. Svíar eru hlutfallslega fæstir undir lágtekjumörkum eða um 9%. Þá kemur í ljós að hlutfallslega fæstar einstæðar mæður búa undir lágtekjumörkum hérlendis eða 14% borið saman við 18% í Svíþjóð og 19% í Noregi, enn hærra hlutfall í Finnlandi eða um 20% og hæst í Danmörku 21%. Í öllum löndunum hefur fjöldi barna í fjölskyldu áhrif til hækkunar hlutfalls undir lágtekjumörkum. Þegar hlutfall barna undir 16 ára aldri sem búa í fjölskyldum undir lágtekjumörkum er skoðað er athyglisvert að bera saman hver

Tafla 1. Ísland: Lágtekjuhlutfall eftir heimilisgerð 2004.

| | Danmörk | Finnland | Ísland | Noregur | Svíþjóð |
|---|---------|----------|--------|---------|---------|
| Allir | 12 | 12 | 10 | 11 | 9 |
| Einstæðir foreldrar | 21 | 20 | 14 | 19 | 18 |
| Fjöldi barna: | | | | | |
| Eitt | 4 | 7 | 8 | 4 | 4 |
| Tvö | 5 | 5 | 8 | 4 | 5 |
| Þrjú eða fleiri | 14 | 12 | 10 | 10 | 9 |
| 16 ára og yngri fyrir félagslegar greiðslur | 26 | 32 | 26 | 32 | 36 |
| 16 ára og yngri eftir félagslegar greiðslur | 10 | 10 | 10 | 9 | 8 |

(*Hagtíðindi*, 2007; Eurostat, e.d.)

staðan yrði ef stuðnings frá velferðarkerfinu nyti ekki við. Þá væri hlutfallið frá 26% á Íslandi og Danmörku til hæst 36% í Svíþjóð. Þegar tekið hefur verið tillit til stuðnings velferðarkerfanna þá lækkar hlutfall barna sem búa í fjölskyldum undir lágtekjumörkum niður í um 10% í Danmörku, Finnlandi og Íslandi. Í Svíþjóð verða það 9% barna og lægst í Noregi eða um 8% (Eurostat, e.d.).

Þó gera megi ótal aðferðafræðilega fyrirvara á skilgreiningu á lágtekjumörkum og hversu góða mynd þau gefi í raun af lífskjörum barna (sjá t.d. Bradshaw, Hoelscher og Richardson, 2007; Salonen, 2007) þá sýna niðurstöðurnar engu að síður glögglega að sé slíkum samræmdum mælingum beitt þá reiknast hlutfall íslenskra barna sem býr við lágtekjumörksvipað og á öðrum Norðurlöndum. Þegar niðurstöður EU-SILC rannsóknarinnar fyrir Evrópulönd eru skoðaðar kemur í ljós að Norðurlönd hafa náð hvað bestum árangri og aðrar samanburðarrannsóknir hafa einnig staðfest sterka stöðu Norðurlanda hvað varðar stuðning við barnafjölskyldur (Adamson, 2007; Vleminckx og Smeeding, 2001). Á það er bent að auk stuðnings velferðarkerfisins við tekjulitlar fjölskyldur sé lykilinn að árangri Norðurlanda að finna í hinni virku atvinnustefnu og stuðningi norrænu velferðarkerfanna við vinnandi foreldra, þar með talið einstæðar mæður (Flaquer, 2007; Sinfield og Pedersen, 2006; Whiteford og Adema, 2006). Á sama tíma má segja að þessar rannsóknir staðfesti einnig að jafnvel hin öfluglu velferðarkerfi Norðurlanda hafa ekki náð að útrýma barnafátækt og hefur athygli stjórnvalda á Norðurlöndum beinst í æ ríkara mæli að nauðsyn þess að móta úrræði til að draga úr henni (sjá t.d. *Velstandens paradoks*, 2007). Þessi athygli er að sjálfsögðu ekki bundin við Norðurlönd, því þvert á það sem áætlað hafði verið hefur barnafátækt aukist meðal Vesturlanda á síðasta áratug (Adamson, 2007). Evrópuráðið hefur beint þeim tilmælum til aðildarríkja að þau þrói aðgerðir til að draga úr barnafátækt og skapi börnum jöfn tækifæri (Hoelscher, 2006).

Sjónarhorn barnafræða

Meðal erlendra fræðimanna hefur umræða um hvernig mæla eigi fátækt barna farið vaxandi á liðnum árum, ekki síst meðal fræðimanna sem beita svokölluðu barnasjónarhorni í rannsóknum sínum (Backe-Hansen, 2004, 2006; Bradshaw ofl. 2007; Ridge, 2002, 2006a; 2006b). Þeir hafa bent á að hefðbundnar fátæktarmælingar leggi áherslu á að meta lífskjör fjölskyldunnar sem heildar og veiti því takmarkaðar upplýsingar um raunverulegar aðstæður og kjör barna. Með því að beita barnasjónarhorni er sjónum beint að lífskjörum barna með áherslu á þarfir þeirra sem einstaklinga (e. *as beings*) í stað þess að beina sjónum eingöngu að framtíðarþörfum þeirra sem verðandi fullorðinna (e. *rather than human becomings*) svo vitnað sé til hugtaka sem norsk fræðimaðurinn Qvortrup (1993) setti fram til að lýsa áherslum barnasjónarhornsins. Áður var litið á börn sem framtíðarþjárfestingu (e. *social investment*) en þegar barnasjónarhorninu er beitt þá er spurt um eigin upplifanir barnsins í stað áherslu á hvaða áhrif aðstæður geti haft á líf þess sem fullorðins einstaklings (Brembeck, Johansson og Kampmann, 2004; Lister, 2003). Því beinast rannsóknir á barnafátækt sem unnar eru frá barnasjónarhorni fyrst og fremst að því að meta upplifun barna af fátækt og áhrif hennar á lífsgæði þeirra í stað áherslu á að greina afleiðingar fátæktar á börn sem framtíðarþegna- og vinnuafli (sjá t.d. Bradshaw 2006; Ridge, 2006b).

Meðal þess sem hefur komið í ljós þegar slíku barnasjónarhorni er beitt er að kjör fjölskyldunnar endurspeglar ekki nauðsynlega kjör barnanna. Middleton, Ashworth og Braithwaite (1997) gerðu eigindlega rannsókn meðal breskra foreldra sem höfðu tekjur sem voru undir skilgreindum fátæktarmörkum og barna þeirra sem voru 5 ára og eldri. Niðurstæða þeirra var að meðal viðmælenda voru foreldrar sem neituðu sér um hluti til að geta veitt börnum sínum það sem þeir töldu nauðsynlegt. Þannig reyndist helmingur þeirra foreldra sem rétt var við eiga börn sem ekki bjuggu við fátækt. Fjölmargar rannsóknir hafa verið framkvæmdar síðan þar sem rannsakendur

fá sambærilegar niðurstöður (sjá t.d. Bastos, 2006; Harju, 2005; Ridge, 2002; 2006a; 2006b; Sandbæk, 2004; Skevik, 2005; Thorod, 2006). Það er því nokkuð vel staðfest að stór hópur foreldra sem býr við tekjur undir skilgreindum fátæktar- eða lágtekjumörkum nær að hlífa börnum sínum við áhrifum fátæktar þannig að þau þurfa í engu að líða skort og hafa sömu möguleika og aðrir jafnaldrar þeirra. Þetta á þó einkum við þegar um fátækt í skamman tíma er að ræða og rannsóknir staðfesta skýrt skaðleg áhrif fátæktar á uppeldisskilyrði barna (Sjá t.d. Drewnoski og Darmon, 2005; Dearing, 2007; Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2007).

Bent hefur verið á að rannsóknir sem hafa lagt áherslu á að skoða hag barnanna sérstaklega ná sjaldnast til barna í efnameiri fjölskyldum (Adamson, 2007). Rannsóknir staðfesta að efnameiri foreldrar geta vanrækt þarfir barna sinna þó þeir hafi umtalsverðar tekjur t.d. þegar útgjöld foreldra eru meiri en tekjur, s.s. vegna veikinda, skulda, neyslu, spilafíknar, eða þeir hafi fyrir fleirum að sjá en þeim sem teljast til heimilsins t.d. innflytjendafjölskyldur sem þurfa að senda peninga til heimalandsins (sjá t.d. Skevik, 2005).

Rannsakendur hafa einnig bent á að breytt staða barna sem neytenda hafi einnig leitt til þess að mikilvægt sé að viðmið barna liggi til grundvallar þegar fátækt sé skilgreind. Bradbury og Jäntti (2001, 43) benda á að mikilvægt sé að afla gagna um lífshæðir frá börnunum sjálfum, þeir segja: „Ef börn eru útilokuð frá félagslegri þátttöku vegna lélegra lífshæðir þá er mikilvægt að skilgreina lífshæðir frá sjónarhorni barna, hvað það er sem börn almennt geta veitt sér og hvað þau telja að feli í sér skort...Þannig verður að skilgreina fátæktarmörk með tilvísun í lífshæðir jafnaldrar“. Það að taka þátt í tómstundastarfi, að bjóða félögum í afmæli og geta gefið vinum afmælisgjafir eru allt dæmi um félagslegar athafnir sem kostar að taka þátt í. Börn hafa sína eigin neytendameningu og efnahagur getur verið skilyrðandi þáttur hvað varðar félagsleg tengsl (Sjá t.d. Bee-Gates, 2006; Ridge, 2006b; Rysst, 2005; Schor, 2005).

Íslenskar rannsóknir á viðhorfum barna til fátæktar

Nokkuð hefur verið gert af rannsóknum á lífsháttum unglunga og ungmenna á Íslandi og dæmi eru um að þær hafi beint sjónum að viðhorfum barna til fátæktar. Í rannsókn Guðrúnar Kristinsdóttur og féлага (2000) voru rannsökuð lífshæðir og líðan 10 ára gamalla barna á Norðurlöndum. Meðal þess sem kom í ljós var að um 19% íslensku barnanna höfðu áhyggjur af fjármálum fjölskyldunnar og að mun algengara var að börn í fjölskyldum með lágar tekjur á Íslandi hefðu áhyggjur af fjármálum heldur en á öðrum Norðurlöndum. Nýjar niðurstöður rannsóknar Jóns Gunnars Bernburgs og féлага (2007) leiða í ljós að íslenskir unglingar sem upplifa fátækt heima sýna að jafnaði meiri reiði, veikari hollustu við norm og gildi og meiri frávikshegðun (ofbeldishegðun, afbrotahæðun) en aðrir unglingar, rannsóknir sem hafa það að markmiði að afla þekkingar á viðhorfum barna til fátæktar og lífshæðir hafa ekki verið framkvæmdar hérlandis.

Fyrsta rannsóknin sem hafði það að meginmarkmiði að afla þekkingar á viðhorfum barna til fátæktar og lífshæðir var framkvæmd árið 2005 af Cynthia Lisa Jeans í samvinnu við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar sem hafði í starfsáætlun lagt sérstaka áherslu á að kanna hvort börn efnalátilla fjölskyldna byggju við mismunun eða félagslega einangrun. Spurningalisti var lagður fyrir 10-12 ára börn í tilteknu skólahverfi í Reykjavík. 206 börn, 101 drengur og 105 stúlkur, svöruðu spurningalista á tölvutæku formi og svarhlutfall var 75%. Hér verður greint frá nokkrum helstu niðurstöðum þeirrar rannsóknar hvað varðar efnahagsleg kjör barna og viðhorf þeirra til fátæktar, en nánar má lesa um niðurstöður í Jeans (2007).

Efnahagsleg staða og viðhorf til fátæktar

Flest barnanna bjuggu með tveimur foreldrum 85% með móður og föður og 15% bjuggu hjá einstæðu foreldri. 88% mæðranna voru útivinnandi og 91% feðranna. Þegar börnin (n=206) voru beðin um að skilgreina fátækt

lögðu þau fyrst og fremst áherslu á að fólk þyrfti að eiga fyrir nauðþurftum og mikilvægi þess að eiga fjölskyldu. 89% sögðu fólk vera fátækt þegar það ætti ekki nóg að borða, 65% þegar fólk ætti ekki fjölskyldur, 59% þegar það ætti ekki heimili og 33% þegar það ætti ekki vini. Mun færri nefndu það að eiga ekki bíl, tölvu eða sjónvarp (16-19%). Niðurstöður sýndu að börnin þekktu til fátæktar, 78% töldu vera til fátækt á Íslandi. Þegar þau voru spurð um fátækt í nágrenni þeirra sögðu 12% að þau ættu vini sem byggju við fátækt, 16% áttu bekkjarsystkini og 29% barnanna töldu sig þekkja einhvern sem byggji við fátækt.

Meðfylgjandi tafla 2 sýnir svör barnanna við ýmsum spurningum um efnahagslegar aðstæður þeirra.

Í töflu 2 má sjá að meirihluti barnanna telur sig hafa nóg af öllu (68%). Færri (44%) barnanna svara því að þau eigi ekki sömu hluti og vinirnir en 17% langar til þess og 24% barnanna langar að eignast hluti sem fjölskyldur þeirra hafa ekki efni á. Þegar spurt er hvort börnin fái stundum ekki nóg að borða eru það 5 börn sem svara því játandi. Þegar spurt er um áhrif efnahags á tækifæri til að taka þátt í afmælum og tómstundum þá eru börn í hópnum sem hafa þurft að sleppa hvorutveggja (3 afmælum og 6 tómstundum).

Þegar spurt var hvort börnin hefðu upplifað fátækt þá kom í ljós að 9 börn töldu sig búa við fátækt en 30 börn (15%) svöruðu spurningunni um hvort þeim hefði einhvern tímann fundist

þau vera fátæk játandi. Fjölskylduaðstæður barnanna níu voru mismunandi en eitt barn bjó hjá einu foreldri en átta börn bjuggu með báðum foreldrum og einu eða tveimur systkinum. Sjö barnanna áttu tvo útvinnandi foreldra, eitt barn átti móður sem var atvinnulaus og eitt barn átti föður sem var frá vinnu vegna veikinda. Þegar svör þessara níu barna við spurningunum um efnahagslega fátækt og líðan voru skoðuð nánar kom í ljós að þau áttu í raun fátt sameiginlegt, margbreytileikinn í aðstæðum þeirra var mjög áberandi. Sex barnanna bjuggu greinilega við nokkuð þröngan kost hvað varðar efnahagslegar aðstæður. Eitt barnanna svaraði öllum spurningum um skort á þann hátt að ljóst var að barnið bjó við mjög erfiðar efnahagslegar aðstæður. Tvö barnanna bjuggu aftur á móti við góðar efnahagslegar ástæður en töldu sig ekki fá nægjanlega umhyggju og voru einmana. Þessar niðurstöður sýna fram á mikilvægi þess að mæta börnum á þeirra forsendum, fræðileg þekking á þeim hópnum sem líklegir eru til að búa við fátækt hefur auðvitað leiðsagnargildi en þeir sem vinna með börnum verða engu síður að mæta hverju og einu barni sem einstaklingi.

Þá voru börnin beðin um að leggja mat á efnahag fjölskyldunnar með því að meta hvað af eftirtöldu ætti við um þeirra fjölskyldur: Fjölskyldan mín er rík; Fjölskyldan mín á hæfilega mikið af peningum; Fjölskylduna mína vantar stundum peninga; Fjölskyldan mín hefur áhyggjur af því að eiga ekki nóg

Tafla 2. Mat barnanna á eigin aðstæðum. Fjöldi sem merkir við hvern lið og hlutfall (% af þeim sem svara spurningunni).

| | Fjöldi (n=206) | % |
|---|-------------------|------|
| Ég á nóg af öllu | 132 | 68% |
| Ég á ekki sömu hluti og vinir mínir | 85 | 44% |
| Mig langar til að eiga sömu hluti og vinir mínir | 34 | 17% |
| Það er margt sem mig langar í en við höfum ekki efni á því | 46 | 24% |
| Ég fæ stundum ekki nóg að borða | 5 | 3% |
| Ég hef þurft að sleppa því að fara í afmæli því við höfum ekki efni á afmælisgjöf | 3 | 1.5% |
| Ég hef þurft að sleppa því að taka þátt í tómstundastarfi því við höfum ekki efni á því | 6 | 3% |

af peningum; Fjölskyldan mín er fátæk. 76% (n=156) barnanna taldi fjölskylduna sína hafa nóg af öllu en 8% sögðu hana ríka. 23% (n=47) kváðu fjölskylduna stundum þurfa peninga en 4% (n=9) nefndu fjárhagsáhyggjur fjölskyldunnar. Eitt barn taldi fjölskylduna sína vera fátæka. Það var einnig spurt um einstök atriði og í ljós kom að 5% (n=11) töldu foreldra eiga í erfiðleikum með að borga reikninga, sjö börn (3%) höfðu upplifað það að lokað væri fyrir rafmagn eða hita og jafn mörg börn sögðu að það væru ekki til peningar heima til að kaupa nauðsynlegan útbúnað vegna leikfimi og sunds. Fjögur börn (2%) sögðu að það kæmi fyrir að ekki væru til peningar til að kaupa nesti til að fara með í skólann.

Enkomframmunur á aðstæðum barnanna eftir því hvernig þau mátu fjárhag fjölskyldunnar? Svarendum var skipt í tvo hópa, annars vegar voru þau börn sem áttu fjölskyldur sem þau töldu ríkar eða eiga nóg af öllu (n=172) og hins vegar voru þau börn sem töldu fjölskyldur sínar hafa fjárhagsáhyggjur eða ekki hafa nóg fé handa á milli (n=57). Í erlendum rannsóknunum hafa bæði börn og foreldrar verið spurðir um efnahag fjölskyldunnar (t.d. Ridge, 2002; Backe Hansen, 2004, 2006) en hér er stuðst eingöngu við svör barnanna, þar sem ekki var aflað upplýsinga frá foreldrum. Ekki reyndist marktækur munur á þátttöku hópanna í tómskundum en í ljós kom að nokkur marktækur munur reyndist vera á milli hópanna þegar spurt var um hver væri ástæðan fyrir því að viðkomandi tæki ekki þátt í tómskundastarfi. Þá voru fjárhagsaðstæður algengari skýring hjá börnum úr efnaminni fjölskyldum. Þá kom einnig í ljós að börn efnaminni foreldra voru líklegri til þess að nota eigið fé til að kaupa hluti sem foreldrar þeirra gátu ekki keypt handa þeim og að þeir gátu síður keypt það sem þau langaði í en börn efnameiri foreldra. Þá kom einnig í ljós marktækur munur milli hópanna þegar borið var saman hvort börnin hefðu sjónvarp í eigin herbergi og aðgengi að myndmiðlum var meiri hjá börnum efnameiri foreldra (Jeans, 2007).

10-12 ára vinnandi neytendur

Spurt var hvort börnin fengu vasapeninga og það kom í ljós að 59% barnanna (n=206) fengu reglulega greidda vasapeninga. Upphæðin var frá 100 kr. og upp í 2000 kr. en 500 kr. var algengast. 52% af þeim sem fengu vasapeninga þurftu að vinna fyrir þeim með því að sinna ýmsum verkum og skyldum (t.d. fara út með hundinn, laga til í herberginu sínu eða vinna ýmis heimilisstörf, æfa sig á píanó o.fl.). Tvö barnanna tóku sérstaklega fram að þau teldu það skyldu sína að hjálpa til heima hjá sér og að ekki ætti að greiða þeim fyrir það. Þá var einnig spurt hvort börnin væru í annarri vinnu en þeirri sem þau fengu greidda vasapeninga fyrir. 21% kváðust vera í launaðri vinnu og 19% í ólaunaðri vinnu. Þegar börnin voru spurð hvað þau gerðu við launin sín kom í ljós að algengast var að þau væru að safna peningum (51%). Nokkur börn útskýrðu þetta nánar t.d. „Ég er að safna fyrir nýrri tölvu því mín gamla er ónýtt“. Næst algengasta svarið var að þau keyptu það sem þau langaði í en foreldrarir vildu ekki kaupa (35%) þá skemmtanir (31%), strætómiða (18%), það sem þau langaði í en foreldrar gætu ekki keypt (11%). Einn þátttakendanna útskýrði þetta nánar: „Ef ég finn eitthvað sem mig langar til að kaupa, þá spyr ég fyrst foreldra mína og ef þeir segja nei, þá kaupi ég það fyrir mína eigin peninga“. Önnur börn bentu á að þau notuðu eigin peninga til að kaupa hluti sem foreldrum þeirra þættu óþarfi eða hluti sem þau vildu ekki að foreldrar þeirra greiddu fyrir. Einn þátttakenda skrifaði: „Ég á nóg af peningum, ég er vinnandi maður og ég eyði ekki peningunum mínum í vitleysu heldur í skemmtilega og uppbyggilega hluti.“ Þá var lítill hópur barnanna sem sagðist kaupa skólavörur fyrir eigið fé (4%) og jafnstór hópur sem kváðist kaupa nauðsynjar fyrir heimilið (4%). Þessi litli hópur 10-12 ára barna virðist því hafa að hluta til axlað framfærsluábyrgð sem alla jafna hvílir á foreldrum, með því að nota eigin laun til þess að kaupa inn til heimilisins.

Niðurstöðurnar sýna að börnin sem tóku þátt í rannsókninni eru virkir neytendur og að stór

hluti þeirra vinnur fyrir föstum tekjum ýmist launum eða vasapeningum.

Lokaorð og umræða

Hefðbundnar mælingar á fátækt sýna að hlutfall íslenskra barna sem býr undir svokölluðum lágtekjumörkum er sambærilegt við hlutfall barna á öðrum Norðurlöndum. Slíkar mælingar hafa verið gagnrýndar m.a. fyrir það að þær snúast einkum um tekjuskiptingu en taka ekki tillit til aðstæðna að öðru leyti. Þá hafa rannsakendur á sviði barnarannsókna bent á að þær gefi í raun mjög takmarkaða mynd af kjörum barna því ekki sé víst að þau séu í samræmi við kjör fjölskyldunnar og að afla þurfi gagna um lífskjör barna frá þeirra eigin sjónarhóli. Niðurstöður rannsókna meðal barna í Reykjavík á aldrinum 10-12 ára sýnir glögglega að börn eru virkir neytendur, þau þekkja og geta skilgreint fátækt. Á undanförunum áratugum hefur verið lögð mikil áhersla á þátttöku barna í ákvarðanatöku og að þau séu aðilar að málum sem varða velferð þeirra, t.d. í barnaverndarvinnu. Það er ekki síður mikilvægt að félagsráðgjafi vinni á sama hátt með börnum þegar unnið er með fjárhagslegar- og félagslegar aðstæður fjölskyldna. Þá er mikilvægt að félagsráðgjafar tali máli barna þegar úrræði og stefna eru mótuð. Rannsóknir sem eru unnar frá sjónarhóli barna veita mikilvægar viðbótarupplýsingar við hefðbundnar fátæktar og lífskjaramælingar. Félagsráðgjafar eru í einstakri stöðu, hvað varðar þekkingu og yfirsýn á aðstæðum barna og mikilvægt er að reynsla þeirra sé skráð og nýtt í þágu rannsókna því þær eru efniviðurinn sem verður að nota ef móta á markviss úrræði og stefnu í málefnum barna.

Heimildaskrá

- Adamson, P. (2007). Child poverty in perspective: *An overview of child well-being in rich countries*. *Innocenti Report Card No. 7*. Florence: UNICEF Innocenti Research Centre.
- Backe-Hansen, E. (2004). *Barn og unges håndtering av vanskelige livsvilkår. Kunnskapsbidrag fra 36 studier av barnefattigdom NOVA Rapport 12/04*. Oslo: NOVA.
- Backe-Hansen, E. (2006). Barn, ungdom og fattigdom i dagens Norge. Í R. Talseth (Ritstj.), *Barn i risiko. Barn i Norge 2006: Voksne for barn*, (bls.8-25). Oslo: Voksne for Barn.
- Bastos, A. (2006). *Child poverty in Portugal: Dimensions and persistence*. Sótt 20.11.2006 á <http://webs.uvigo.es/idru/workshop06/docs/papers/bastos.pdf>.
- Bee-Gates, D. (2006). *I want it now: Helping children find their way in a materialistic world*. Hampshire: Palgrave Macmillan.
- Bradbury, B. og Jäntti, M. (2001). Child poverty across twenty-five countries. Í B. Bradbury, S. Jenkins, og J. Micklewright (Ritstj.), *The Dynamics of child poverty in industrialized countries*, (bls. 62-91). Cambridge: Cambridge University Press.
- Bradshaw, J. (2006). A rights based multi-dimensional understanding of child well-being in the EU. Í *MedChild Paper no. 4*, (bls. 41-90). Genoa: MedChild Institute.
- Bradshaw, J., Hoelscher, P. og Richardson, D. (2007). An index of child well-being in the European Union. *Social Indicators Research*, 80, 133-177.
- Brembeck, H., Johansson, B. og Kampmann, J. (ritstj.) (2004). *Beyond the competent child: Exploring contemporary childhoods in the Nordic welfare societies*. Fredriksberg: Roskilde University Press.
- Dearing, E. (2007). *Psychological costs of growing up poor*. New York: New York Academy of Sciences.

- Drewnowski, A. & Darmon N. (2005). Food choices and diet costs: An economic analysis. *Journal of Nutrition*, 135, 900-904.
- Eurostat (E.d.) Sótt 31. mars 2007 á <http://epp.eurostat.ec.europa.eu>.
- Flaquer, L. (2007). Family change and child poverty in comparative perspective. *Wellchi Working Paper Series No. 1/2007*. Barcelona: Children's Well-being International Documentation Centre.
- Guðrún Kristinsdóttir (2000). Tíu ára börn standa vel að vígi: Athugun á færni, áhyggjum og lausnum barna. *Uppeldi og menntun* 9, 77-94.
- Gustavsson, B. og Pedersen, P.J. (2000). *Poverty and low income in the Nordic countries*. Avebury: Ashgate.
- Hagtíðindi 2007:1. (2007). Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Harju, A. (2005). Barn och knapp ekonomi. *IVOSA Rapporten*. Växjö: IVOSA Växjö universitet.
- Harpa Njáls (2003). *Fátækt á Íslandi við upphaf nýrrar aldar. Hin dulda félagsgerð borgarsamfélagsins*. Reykjavík: Borgarfræðasetur og Háskólaútgáfan.
- Hoelscher, P. (2006). What works? Preventing and reducing child poverty in Europe. *European Journal of Social Security*, 8, 257-277.
- Iceland, J. og Bauman, K. J. (2007). Income poverty and material hardship: How strong is the association. *Journal of Socio-Economics*, 36, 376-396.
- Jeanes, C.L. (2007). *Child poverty in Iceland: The child's perspective*. Óbirt MA ritgerð, Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Jón Gunnar Bernburg, Þórólfur Þórlindsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2007). Er fátækt afstæð? Tengsl efnahagslegra erfiðleika við reiði, siðferðiskennd og frávíkshæðun unglinga. Í Gunnar Jóhannesson (ritstj.), *Ráðstefna í félagsvísindum 2007*, (bls, 171-180). Reykjavík: Félagsvísindadeild.
- Kristín Guðmundsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir (2006). Rýnihópar og rannsóknir í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa 1*, 73-79.
- Lister, R. (2003). Investing in the citizen-workers of the future: Transformations in citizenship and the state under New Labour. *Social Policy and Administration* 37, 327-443.
- Middleton, S., Ashworth, K. og Braithwaite, I. (1997). *Small fortunes: Spending on children, childhood poverty and parental sacrifice*. York: Joseph Rowntree Foundation.
- Qvortrup, J. (Ritstj.) (1993). *Childhood as a social phenomenon: Lessons from an international project*. Vienna: European Center for Social Welfare Policy and Research.
- Ridge, T. (2002). *Childhood poverty and social exclusion: from a child's perspective*. Bristol: Policy Press.
- Ridge, T. (2006a). Helping out at home: Children's contributions to sustaining work and care in lone-mother families. Í C. Glendinning og P. Kemp. (Ritstj.), *Cash and care: Policy challenges in the Welfare State*, (bls. 203-218). Bristol: Policy Press.

- Ridge, T. (2006b). Child poverty a barrier to social participation and inclusion. Í K. Tisdall, J. Davis, M. Hill og A. Prout (Ritstj.), *Children, young people and social inclusion: Participation for what?* (bls. 23-38). Bristol: Policy Press.
- Ritakallio, V.M. og Bradshaw, J. (2006). Family poverty in the European Union. Í J. Bradshaw og A. Hatland (Ritstj.), *Social policy, employment and family change in comparative perspective*, (bls. 237-254). Cheltenham: Edvard Elgar.
- Rowntree, S. (2000). *Poverty. A study of town life*. Bristol: The Policy Press/Joseph Rowntree Charitable Trust.
- Rysst, M. (2005). Det koster å være kul om teenagers opplevelse av tilhørighet i en flerkulturell setting i Oslo. *Tidsskrift for Ungdomsforskning*, 2, 5-26.
- Salonen, T. (2007). *Barns økonomiske utsatthet – årsrapport 2006*. Stockholm: Rädda Barnen.
- Sandbæk, M. (ritstj.) (2004). Barns levekår. Hva betyr familiens inntekt? *NOVA rapport 11/04*. Oslo: NOVA.
- Sandbæk, M. og Knudsen Sture, C. (2003). Barns levekår. Teoretiske perspektiver på familieøkonomiens betydning for barns hverdag. *NOVA skriftserie 9/03*. Oslo: NOVA.
- Schor, J. B. (2005). *Born to buy*. New York: Scribner.
- Sheppard, M. (2006). *Social work and social exclusion: The idea of practice*. Aldershot: Ashgate.
- Sinfield, A. og Pedersen, A.W. (2006). Child poverty: A persisting challenge. *European Journal of Social Security*, 8, 229-234.
- Skevik, A. (2005). Familier med vedvarende lavinntekt i Norge – har de dårlige levekår? *Barn* 23, 51-56.
- Stefán Ólafsson (1999). *Íslenska leiðin: Almannatryggingar og velferð í fjölþjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Tryggingastofnun ríkisins.
- Stefán Ólafsson og Karl Sigurðsson (2000). Poverty in Iceland. Í B. Gustafson, og P.J. Pedersen (Ritstj.) *Poverty and low income in Nordic countries*, (bls. 101-129). Brookfield: Ashgate.
- Thorod, A.B. (2006). En normal barndom? Foreldrestrategier for å skjeme barn fra konsekvenser av å leve med lav inntekt. *NOVA rapport 2/06*. Oslo: NOVA.
- Velstandens paradoks* (2007). Oslo: FAFO og NOVA.
- Vleminckx, K. og Smeeding, T.M. (Ritstj.) (2001). *Child well-being, child poverty and child policy in modern nations: What do we know?* Bristol: Policy Press.
- Whiteford, P. og Adema, W. (2006). Combating child poverty in OECD countries: Is work the answer? *European Journal of Social Security*, 8, 235-256.



Dáleiðslumeðferð – aðferð til að bæta geðræna líðan

Ólöf Unnur Sigurðardóttir,
Félagsráðgjafi (MSW), Landspítali – háskólasjúkrahús, geðsvið.

Hér er sagt frá rannsókn greinarhöfundar, sem var gerð á dáleiðslumeðferð sem var veitt á göngudeild geðdeildar LSH til að bæta geðræna líðan. Rannsóknin var unnin á árunum 2004-2005 og var til 15 eininga í 45 eininga meistaranámi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var doktor Sigrún Júlíusdóttir, prófessor. (Ólöf Unnur Sigurðardóttir, 2006)

Til að leita eftir kjarnanum og til að fá skilning á þeirri merkingu sem fólk leggur í reynslu sína af dáleiðslumeðferð var valið að nota aðferðafræði sem skilgreind er sem eigindleg rannsóknaraðferð (qualitative research method). Þátttakendur höfðu lokið dáleiðslumeðferð hjá Dáleiðsluteymi göngudeildar geðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss að minnsta kosti ári fyrir rannsóknarviðtal. Miðað var við að nokkur tími væri liðinn frá lokum meðferðar til að meta betur árangur þegar til lengri tíma væri lítið. Kannað var hvort meðferðarleg áhrif kæmu fram og hvernig fólkíð lýsti þeim.

Dáleiðslumeðferð

Einn merkasti fræðimaður á sviði dáleiðslu á tuttugustu öld er Milton H. Erickson (1901-1980). Meðferðin sem þátttakendur í rannsókninni fengu byggist á kenningum hans. Hann fjallar í skrifum sínum um nútímaaðferðir djúpsálfræðinnar og notaði stundum atferlismótunaraðferðir líka. Mikið hefur verið skrifað og kennt um hugmyndir Ericksons sem eru bæði sveigjanlegar og skynsamlegar og margir hafa getað aðlagð þætti úr þeim mismunandi kenningum í meðferðarvinnu (Haley, 1993). Dáleiðsla hefur verið viðurkennd sem lögmæt meðferðaraðferð (e. therapeutic technique) annars vegar af breska læknafélaginu (British Medical Association) frá árinu 1955 og hins vegar af Ameríska læknafélaginu (American Medical Association) frá árinu 1958 (Waterfield, 2003).

American Society of Clinical Hypnosis (ASCH) er stofnun í Arizona í Bandaríkjunum, sem stendur fyrir kennslu og þjálfun í dáleiðslumeðferð til að stuðla að aukinni viðurkenningu á dáleiðslu sem aðferðar við meðferð. Hún var stofnuð árið 1957 af The

Milton H. Erickson Foundation, Inc. Stofnunin er fyrir fagaðila sem eru með doktors- eða mastersgráðu í mismunandi greinum innan heilbrigðisvísinda og nota dáleiðslu í meðferð. Sem fjölfagleg stofnun býður ASCH upp á tækifæri til samvinnu milli fagstétta í heilbrigðis- og geðheilbrigðisfræðum. Þessi þverfaglega samvinna auðgar útfærslur og samþættinguhugmynda (American Society of Clinical Hypnosis, 2005).

Dáleiðsla er hugarástand sem á sér stað fyrir tilstuðlan sefjana og opnar inn á undirvitund og veitir aðgang að reynslu og bjargráðum einstaklingsins. Meðferðaraðili sem vinnur með dáleiðslu í meðferð þarf að hafa grundvallarþekkingu á mannlegu sálarlífi og þekkja mismunandi kenningar um meðferðarvinnu, svo sem kenningar byggðar á djúpsálarfræði, kerfiskenningum, samskipta- og samtalskenningum, vitsmunakenningum og fleiri. Dáleiðsla í meðferð krefst næmni, nákvæmni og virðingar gagnvart skjólstaðingi. Þjálfun í dáleiðslu einni og sér er ekki fullnægjandi til að stunda meðferðarstarf (Yapko, 2001). Meðferðarstarffelur í

sér að tengingar tilfinninga við áreiti hafi merkingarlegt inntak (Yapko, 1993).

Dáleiðslumeðferð byggir á skýrum samningi meðferðaraðila og skjólstæðings um að meðferðaraðili hjálpi honum með-sveigjanlegum sefjunum að komast á breytt vitundarstig sem opnar inn á innri vitund og hann fái þannig aðgang að fyrri reynslu og styrkleikum sem hann býr yfir. Þannig geti hann bæði skilið, endurskilgreint og breytt hegðun til samræmis við það sem hann telur vera sér til framdráttar. Ferlið gengur fyrir sig á þeim hraða sem undirvitund skjólstæðings stjórnar og meðferðaraðili hefur það hlutverk að skapa ramma sem styrkir og dýpkar vinnu skjólstæðings. Meðferðaraðili sem veitir dáleiðslumeðferð þarf að hafa það viðhorf til einstaklingsins að innra með honum sé reynsla sem hann hefur öðlast og hann geti notað hana í **rökréttu samhengi** við úrlausn aðsteðjandi vandkvæða. Dáleiðsla hefur margvíslega meðferðarlega eiginleika. Ekki verður farið út í það hér hvernig utanaðkomandi atburðir geta haft áhrif á líffræði heilans en talið er að þegar fólki er hjálpað við að slaka á og öðlast hvíldartilfinningu með aðferðum dáleiðslunnar fari af stað eðlileg lífeðlisfræðileg ferli sem vernda heilbrigði og vellíðan.

Dáleiðsluteymi göngudeildar LSH tók til starfa árið 2003, en þar hafði dáleiðsla verið notuð í meðferð um lengri tíma. Áður hafa verið gerðar tvær íslenskar rannsóknir á dáleiðslumeðferð, önnur er rannsókn Ingibjargar H. Jakobsdóttur geðhjúkrunarfræðings

„*Á vaktinni*“ (2002), sem fjallar um reynslu kvenna af svefnerfiðleikum og áhrifum dáleiðslumeðferðar á svefn og líðan. Þar kom fram að kjarninn í því hugsana- og hegðunarmynstri sem virtist tengjast svefnerfiðleikunum var kvíði, óöryggi, lítið sjálfstraust og streita. Að meðferð lokinni lýstu allir þátttakendur bættari líðan að einhverju leyti, jákvæðum áhrifum á sjálfstraust og að svefn hefði orðið samfelldari. Streitustig allra var metið lægra eftir dáleiðslumeðferð heldur en fyrir og allir þátttakendur í rannsókninni tengdu breytingar til batnaðar við meðferðina

sem þeir fengu. Hin er rannsókn Sigurlínu Hilmarsdóttur geðhjúkrunarfræðings „*Hugrof*“ (2002) þar sem gerð var eigindleg rannsókn á dáleiðslumeðferð við áfallastreituröskun. Þar var veitt dáleiðslumeðferð ásamt hugrænni meðferð í sex skipti og árangur mældur með viðtölum við þátttakendur. Lagður var fyrir „PTSS-10“ spurningalisti bæði fyrir meðferð og eftir. Allir fundu mun á sér og lýstu breytingum til batnaðar, svo sem minni vanlíðan, spennu og ótta. Niðurstöður spurningalistans „PTSS-10“ studdu það mat og sýndu að streituvíðbrögðin lækkuðu töluvert.

Greinarhöfundur er ekki kunnugt um aðrar íslenskar rannsóknir á dáleiðslumeðferð.

Markmiðið var að leita skilnings á því hvernig dáleiðslumeðferð gagnast og að kanna meðferðarleg áhrif. Tilgangur var að bæta þjónustu og styrkja aðferðaval félagsráðgjafa í meðferð þunglyndis- og kvíðasjúkdóma. Með viðeigandi meðferð er hægt að hindra framgang þeirrar færnisferðingar, sem getur orðið ef ekkert er að gert. Það er mikilvægt vegna þess að þunglyndis- og kvíðasjúkdómar eru alvarlegur heilbrigðisvandi sem bæði snertir þann veika sjálfan og alla fjölskyldu hans. Útbreiðsla þeirra er fjórir sjáanleg í samfélögum sem einkennast af einstaklingshyggju, efnis-, tæknihyggju og hraða (Yapko 1993).

Aðferð

Aðferðafræði vísar til þeirra leiða sem notaðar eru til að rannsaka tiltekin vandamál og / eða leita svara við ákveðnum fræðilegum spurningum (Taylor og Bogdan, 1998). Til að leita eftir kjarnanum og til að fá skilning á þeirri merkingu sem fólk leggur í reynslu sína af dáleiðslumeðferð var valið að nota aðferðafræði sem skilgreind er sem eigindleg rannsóknaraðferð (e. *qualitative research method*).

Það sem eigindlegar rannsóknaraðferðir byggja á er að þættir eru skoðaðir út frá reynslu og upplifun einstaklinganna sjálfra. Aðferðin byggir á því sjónarmiði að raunveruleikinn mótist í vitund þeirra einstaklinga sem upplifa hann í samskiptum sínum við umheiminn. Leitað

er eftir skilningi á því hvað liggur hegðun til grundvallar (Taylor og Bogdan, 1998). Þessari aðferð er lýst sem lýsandi og markmiðið er að öðlast dýpri skilning á umhverfi, lífi og aðstæðum þeirra sem rannsóknin beinist að. Niðurstöðurnar hafa ekki yfirfærslugildi á aðra einstaklinga eða hópa heldur eru þær ætlaðar til að auka skilning á þessum einstaklingum. Sú þekking getur vissulega nýst öðrum.

Viðmælendur voru valdir með tilgang rannsóknarinnar í huga, svo kallað tilgangsrúttak (purposive sample) (Bogdan og Biklen, 2003). Það er gert þegar rannsaka á tiltekna reynslu, eins og hér var verið að rannsaka reynslu fólks sem hafði fengið dáleiðslumeðferð til að bæta geðræna líðan. Líklegt er að val milligöngumanna hafi byggst á því að þeir hafi talið að meðferðin hafi haft þýðingu fyrir viðkomandi einstakling og að hann hafi einhverju að miðla um hana. Sú rannsóknaraðferð sem byggt er á viðurkennir slíkt val. Leitað var til sex einstaklinga, fjögurra kvenna og tveggja karla á aldrinum 20 – 50 ára, sem árið 2003 fengu dáleiðslumeðferð hjá Dáleiðsluteyminu á geðsviði Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Allir komu í viðtal á áætluðum tíma nema einn, sem kom ekki og ekki var heldur hægt að ná í hann í síma.

Miðað var við að nokkur tími væri liðinn frá lokum meðferðar til að meta betur árangur þegar til lengri tíma er litið. Þakka ber það óeigingjarna framlag þátttakenda sem fólst í því að koma í rannsóknarviðtalið og deila hugleiðingum um áhrif meðferðarinnar.

Haustið 2004 var send umsókn til Siðanefndar Landspítala – háskólasjúkrahúss um leyfi til að gera rannsókn. Til að ganga frá þeirri umsókn þurfti að ganga frá viðtalsvísi, upplýstu samþykki og fá leyfi yfirlæknis. Það þurfti að semja við meðferðaraðila um að hafa milligöngu um að útvega þátttakendur og fá leyfi yfirmanns þeirra. Einnig þurfti að tilkynna rannsóknina til Persónuverndar.

Milligöngumenn fundu þátttakendur og könnuðu vilja til að taka þátt. Einnig samþykktu þeir að kanna líðan eftir rannsóknarviðtal og bjóða stuðningsviðtal ef þörf væri á. Rannsakandi hafði síðansamband og kynnti

rannsókninabetur og gaf tíma. Viðtalið var tekið upp á segulband og afritað og greint eftir aðferðafræði eigindlegra rannsóknaraðferða sem felur í sér endurtekinn lestur og greiningu viðtala.

Niðurstöður

Niðurstöður skiptast í 7 kafla eftir þemum greiningarinnar.

- 1 Tilvísunarástæða í dáleiðslumeðferð
- 2 Áhrif meðferðarinnar á tilfinningalega þætti / breyting á hegðun og líðan
- 3 Lýsingar á upplifun í dáleiðslumeðferðinni
- 4 Nýjar leiðir til að fara vel með sig
- 5 Afstaða aðstandenda
- 6 Ábendingar um veika hlekk
- 7 Ástæður fyrir þátttöku í rannsókninni

Megin niðurstöður rannsóknarinnar eru að hún eflir getu til að endurskilgreina vanda og það leiðir til nýrra viðbragða, eykur styrk, jafnvægi, líkamsvitund og öryggi gagnvart því að ráða við þær tilfinningar sem upp koma. Einnig kom fram að fólkið taldi mikilvægt að meðferðin væri áfram í boði og aðgengilegri. Þeim þótti mikilvægt að hafa mætt þeirri virðingu sem þeim var sýnd og að meðferðarferlinu var gefið það svigrúm sem þau þurftu til að skynja tilfinningar sínar. Viðmælendur töldu gagnlegt að meðferðaraðili kynnti sér sögu og persónulegar aðstæður þeirra til að tengja inn í meðferðarvinnuna.

Hér á eftir er farið nánar í þemun og dæmi tekin af svörum þátttakenda.

1. Tilvísunarástæða í dáleiðslumeðferð

Viðmælendur lýstu alvarlegum þunglyndis-einkennum, sjálfsvígshugsunum og erfiðleikum við að sætta sig við breytingar á heilsufari sem ástæðu fyrir meðferð.

„ég alveg búin á því og leið ekki vel, mér leið alls ekki vel þó ég væri með þetta front ég var komin með sjálfsvígshugsanir. Ég sé það svona eftir, ég var bara búin að ákveða það hvernig ég vildi fara“.

Annar viðmælandi segir:

„Ég nötraði og skalf, ég var svo kvíðin og ég var alltaf með hnút í maganum mér leið svo illa að ég nötraði. (. . .)Ég vildi bara ná að slaka á. Ég átti erfitt með að sofna“.

Breyting á heilsufari er missir sem krefst aðlögunar.

„En að setta sig við þetta að sitja uppi með þetta (.) nú maður lifir með þessu“.

2. Áhrif meðferðarinnar á tilfinningalega þætti / breyting á hegðun og líðan.

Sameiginleg atriði sem komu fram hjá viðmælendum eru að þeir upplifðu betri hvíldartilfinningu, aukinn innri styrk, rósemi og sjálfsöryggi. Líkamsvitund og innsæi jókst og skilningurinn tók breytingum. Enn frekar kom fram öryggi gagnvart þeim tilfinningum sem upp komu, það er að segja kjarkur til að finna fyrir þeim.

Þegar viðmælendur voru beðnir að segja frá því sem kom upp í hugann um reynslu afdáleiðslumeðferð komu orðin endurnæring og rósemd ítrekað fyrir.

„. . . . kvíðin og svona, en mér leið alltaf voða vel í raun og veru eftir þessa tíma. Varsvo hjartsýn og vongóðþegar ég gekk út í lífið aftur“.

Allir viðmælendur töluðu um aukna líkamsvitund, fannst gott að geta skynjað og fundið fyrir líkamanum. Það jók jafnframt hæfni til að fara vel með sig.

„. . . ég held að við séum ansi mörg sem höfum ekki mikla líkamsvitund. Við bara vitum ekki hvernig okkur líður í kroppnum. Um leið og maður fer að slaka á og skynja líkamann þá skynjar maður náttúrlega að það er bara sérstaklega hérna í kroppnum sjálfum, í kviðnum og brjóstinu og hálsinum er gífuleg spenna og tilfinningar sem eru ósagðar stundum“.

Í slökuninni lýsir fólk það því að það geti séð hlutina frá öðru sjónarhorni og nýtt sér aðrar forsendur til skilnings á atviki en það hafði þegar atvikið átti sér stað.

„Og svo er það já undirvitundin losar svo og svo mikið svo að skilningurinn er alltaf að taka breytingum og sem sagt við erum alltaf að upplifa eitthvað nýtt. Það er ekkert í eitt skipti fyrir öll“.

Dæmi um að aðferðin sé uppbyggileg.

„. . . já ég er mjög hrifin af þessari aðferð svona persónulega hún virkaði vel fyrir mér og mér fannst ég fókusera allt öðruvísi“.

„Og svo finnst mér alltaf mjög spennandi eða bara uppbyggilegt þegar einstaklingurinn sjálfur getur verið þátttakandi í þessu ferli“.

Dæmi um aukinn kjark til að skoða tilfinningar.

„Stundum er það samt mjög sárt að þurfa að tjá tilfinningar sínar (. . . .) ef þær eru erfiðar eða tengdar áföllum eða slíku. (. . . .)já það getur einmitt verið að það geti verið gott að gera það á svona táknrænan hátt (. . . .) biður okkur að lýsa einhverju á okkar eigin hátt og undirvitundin finnur sína leið til þess að gera þetta bærilegt“.

Það getur verið erfitt fyrir fólk að skoða erfiðar tilfinningar, en í trausti þess að undirvitundin kalli aðeins fram það sem fólk ræður við á hverjum tíma finnur það sig öruggara fyrir vikið. Myndlíkingar eru hjálplegar til að greiða fyrir nýjum hugrænum ferlum og framhjá vanabundnum niðurstöðum. Dáleiðsla rýfur vanabundna reynslu viðkomandi af sjálfum sér og eflir eiginleika. Eflir hugmyndaflug og sveigjanleika útyfir það sem viðkomandi hefur áður miðað við (Yapko, 1993).

3. Lýsingar á upplifun í dáleiðslumeðferðinni

Það sem undirvitundin telur nærtækast að skoða hverju sinni getur komið á óvart. Allir töluðu um að sú aðgát og virðing sem þeim var sýnd, skapaði þeim öryggistilfinningu og hvíld. Sá sem er í dáleiðslu hefur ekki meðvitað val um hvað hann talar um hverju sinni. Undirvitund viðkomandi er best fær um að meta hvað þarf að skoða hverju sinni til að greiða fyrir nýjum skilningi og styrk. Viðmælandi lýsti því svo:

„Það kom mér alltaf svo á óvart -- það var alltaf eitthvað sem ég var ekkert að hugsa um og yfirleitt var þetta eitthvað bara síðan ég var lítil stelpa, sem kom upp í hugann“.

Viðmælandi talaði um hvernig hugleiðingar eftir tímana um það sem kom upp í hugann í tímunum gat hjálpað til við að læra af reynslunni.

„Bíddu hvað lærði ég af þessu?“

Stundum þarf ekki að vera meðvitaður skilningur á því sem er að gerast innra með fólki til að það létti á og skapi betri líðan.

„Mér fannst líka mjög skrytið stundum þá fór ég allt í einu að gráta og ég réð ekkert við það. Ég vissi ekkert út af hverju ég var að gráta mér fannst það alveg magnað að hún skyldi hafa þessa tækni að geta látið mann losa um eitthvað sem var til staðar sem maður var ekki að viðurkenna sjálfurað væri til staðar skilurðu“.

4. Nýjar leiðir til að fara vel með sig

Hæfileikinn til að fara vel með sig virðist aukast þegar fólk áttar sig á hvað það er sem gerir því gott og hvað er slítandi og þreytir það. Samskiptum má til dæmis stilla í hóf og finna leiðir til að vernda sig á margan hátt með því að leita í viðfangsefni sem eru gefandi. Sem dæmi má vitna í viðmælanda.

„Það er nefnilega málið að eins og hún er yndisleg og allt það, þá er það líka bara partur í minni meðferð, eins og hún vill mér vel og fyrir mína drengi og fjölskyldu og allt gera, þáfinn ég það samt hvað hún hefur rosalega streitandi áhrif á mig, sko af því að fólk sem er svona – svona ferkantað bara – það tuðar yfir hinu og þessu og eitthvað svona, ég finn það bara að það bara sýgur alla orku frá mér. Þá bara reyni égað umgangast hana bara svona hæfilega – hlær – skilurðu mig?“

5. Afstaða aðstandenda

Þegar spurt er um afstöðu fjölskyldunnar til dáleiðslumeðferðarinnar kom fram að fæstir höfðu deilt því með fjölskyldu eða öðrum aðstandendum. Sumir þó.

„Sko ég er alveg viss um að mamma mundi segja að ég hafi breyst til muna“.

Annar viðmælandi segir:

„... . . . ég hef nú ekkert talað um þetta. . . .“

Skilningur eða stuðningur aðstandenda getur verið takmarkaður.

„Nei, eiginlega ekki nei. Mamma veit um þetta en hún er svolítið, hún fer alveg í bakkgrínn ef ég tala um eitthvað svona“.

Einn viðmælandi lýsti betri samskiptum við móður, sem einhverra hluta vegna var farin að sýna meiri skilning á veikindunum og hvetja á uppbyggilegan hátt í stað þess að vanda um og gagnrýna. Það getur endurspeglað aukna færni einstaklings í að gefa tóninn um hvernig framkomu hann væntir.

Ábendingar um veika hlekki

Ábendingar komu frá nánast öllum um að það þyrfti að vera greiðari aðgangur að upplýsingum um meðferðina, eða að fólki væri markvisst bent á þennan möguleika. Það upplifði að það væri tilviljunum háð hvort það fengi þessar

upplýsingar og gæti komist í meðferðina.

„Síðan þarf að leita eftir öllu sjálfurekkert leiðbeint – lausnin er kannski bak við næsta horn en það er enginn til að benda á það“.

Dæmi um vanmátt þess sem þarf að leita aðstoðar:

„Oft finnst mér nefnilega, maður situr kannske heima hágrátandi og í þvífkri vanlíðan og eins og ég til dæmis ekki með bílpróf og ég treysti mér ekki í strætó (.) þegar mér líður svona illa (.) það er bara svo mikið í kring um þetta og svo loksins þegar maður er kominn á staðinn þá hefur maður ekkert að segja en bara orðinn þreyttur eftir allt ferðalagið skilurðu. Mér fyndist þægilegra að geta hringt eitt símtal og sagt: Geturðu komið aðeins til mín. Og“

Af þessu má sjá mikilvægi þess að geta átt möguleika á að fá viðeigandi hjálp með einföldum hætti.

Ástæður fyrir þátttöku í rannsókninni

Það sem kom fram í svari allra var áhugi á að þátttaka í rannsókninni yrði til einhvers gagns til að styrkja það að þessi þjónusta verði áfram í boði og eflað.

Samantekt á niðurstöðum

Megin niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að þeir sem tóku þátt telja dáleiðslumeðferðina gagnlega. Allir viðmælendur lýstu betri líðan og að þeir réðu betur við tilfinningar sínar og verkefni daglegs lífs. Þættir sem reyndust eflast við meðferðina voru hæfileiki til að endurskilgreina vanda og viðfangsefni, betri hvíld, aukið innsæi, meiri líkamsvitund, innri styrkur og öryggi gagnvart því að ráða við þær tilfinningar sem koma upp. Einnig kom fram að allir voru þakklátir fyrir þá virðingu sem meðferðaraðilar sýndu þeim bæði er varðar almenna framkomu og því að gefa meðferðarferlinu svigrúm þannig að

þátttakendur gætu upplifað tilfinningar sínar þegar þeir væru tilbúnir til þess. Talið var gagnlegt að meðferðaraðili kynnti sér sögu og aðstæður þeirra til að byggja á í meðferðarvinnunni. Ábendingar komu fram um að það ætti að vera greiðari aðgangur og markvissari upplýsingar um þetta meðferðartilboð sem byggir á aðferðum dáleiðslu. Einnig að það væri kostur ef hægt væri að kalla eftir aðstoðinni heim við ákveðnar aðstæður. Flestir voru með skilgreinda þunglyndis- eða kvíðagreiningu.

Lokaorð

Markmið rannsóknarinnar var að fá í umræðuna raddir fólks sem hafði reynslu af dáleiðslumeðferð. Að auka þannig skilning og þekkingu á því, hvort hún geti haft áhrif til að breyta líðan einstaklinga og getu þeirra til að ráða við aðstæður í daglegu lífi. Einnig að fá vitneskju um hvaða þættir í meðferðinni reynast fólki vel. Enda þótt eigindlegar rannsóknaraðferðir hafi ekki yfirfærslugildi, hafa þær fræðilegt gildi til að skapa skilning.

Auka þarf tilboð um fjölskyldumeðferð þar sem megin lögmálum dáleiðslumeðferðarinnar er bætt inn í fjölskyldumeðferðina. Það hjálpar jafnt fjölskyldum sem einstaklingum til að öðlast betri líðan með því að endurskilgreina vanda og önnur viðfangsefni, því að í dáleiðslunni getur verið auðveldara að losa um vanabundnar skilgreiningar og finna nýjar leiðir sem vissulega eru innra með einstaklingunum. Þetta er einkar hjálplegt þegar um er að ræða fastmótað hjálparleysi og losa þarf um vanabundin hegðunarmynstur, koma auga á nýja möguleika og öðlast kjark til að breyta (Araoz & Negley-Parker, 1988).

Myndlíkingar og dæmisögur eru gjarnan notaðar í meðferðarstarfi og eiga sérstakan sess í dáleiðslumeðferð. Við breytt vitundarstig verður hugmyndaflugið gjarnan frjórna og nýjar myndir og tengingar geta átt sér stað og þannig myndast ný mynstur eða sýn (Waterfield, 2003). Kjarni geðrænnar meðferðar hvílir á meðferðaraðilanum. Einhver sérstök aðferð getur ekki tryggt útkomu meðferðarinnar. Þrátt

fyrir hollustu við samskiptareglur aðferðarinnar getur niðurstaða meðferðarinnar verið mismunandi. Ákveðnar vísbindingar eru um að það skipti minna máli hvaða meðferðaraðferð sé valin og hollusta við vinnureglurnar séu ofmetnar. Engu að síður er samsvörun í árangri meðferða sem lúta ákveðnum samskiptareglum. Áhrif persónu meðferðaraðilans er mikilvægur þáttur í árangri meðferðar. Mismunandi meðferðaraðilar innan sömu aðferðar ná mismunandi árangri. Ljóst er að einstakir meðferðaraðilar koma meðferðinni til skila á einstakan hátt með því að veita stuðning og vinna út frá samhengi í vinnulagi sínu í geðmeðferð (Wampold, 2001).

Að mæta aðgát og virðingu eru mikilvæg atriði eins og dr. Muriel P. Warren félagsráðgjafi segir, sem áfallamiðstöðin Warren Trauma Institute í New York er kennd við. Hún lýsir á heimasíðu sinni læknaði mætti þess að skjólstaðingur geti endurskilgreint reynslu, fái góðar móttökur og sé sýnd hluttekning (Warren, 2005). Dáleiðslumeðferð samræmist námskenningum um það hvernig fólk lærir af reynslunni. Það kom ítrekað fram að viðmælendur vildu ná tókum á aðhagnýta sér óumbeðna og jafnvel erfiða reynslu sér til hagsbóta á einhvern hátt. Nám er persónulegt ferli sem byggist á endurskoðun og ígrundun til að ná breyttri sýn sem veitir styrk til að upplifa frelsi til að velja samkvæmt sannfæringu sinni. Til að þetta ferli geti átt sér stað þarf að vera viðfangsefni til að skoða og stuðningur byggður á trausti til að horfast í augu við nýja sýn (Johns, 1995). Þetta styður viðmælendi sem talar um að allt í einu liggi eitthvað augljóst fyrir þegar búið er að fara með það í gegn um ferli umræðunnar.

Samkvæmni, virðing og innsæi ásamt hugmyndaflugi og kímniáfu er nauðsynleg í allri meðferðarvinnu. Kenning Milton H. Erickson sem er svo rökrétt og margbreytileg hefur náð mikilli útbreiðslu og verið mörgum meðferðaraðilum gagnlegt leiðarljós til að samræma annars mismunandi meðferðarkenningar. Það er ekki álitamál að fólki finnst styrkjandi þegar því er sýndur

áhugi, virðing og höfðað er til þess heilbrigða sem allir geyma innra með sér.

Heimildaskrá

- American Society of Clinical Hypnosis, ASCH, 2005. Sótt 15. september 2005 af <http://www.asch.net>
- Araoz, D. L. & Negley-Parker, E. (1988). *The New Hypnosis in Family Therapy*. New York: Brunner/Mazel.
- Bogdan, R. & Biklen, S. K. (2003). *Qualitative research in education: An introduction to theory and methods*. Boston: Allyn and Bacon.
- Haley, J. (1993). *Uncommon Therapy: The Psychiatric Techniques of Milton H. Erickson, M. D.* (3. útg.). New York og London: W. W Norton & Company, Inc.
- Ingibjörg H. Jakobsdóttir. (2002). *Á vaktinni. Lýsingar kvenna á svefnerfiðleikum og áhrifum dáleiðslumeðferðar og slökunar á svefn og líðan*. Óbirt meistarafrithgerð, Háskóli Íslands. Læknadeild.
- Johns, C. (1995). Framing learning through reflection within Carper's fundamental ways of knowing in nursing. *Journal of Advanced Nursing*, 22, 226-234.
- Ólöf Unnur Sigurðardóttir. (2006) *Dáleiðslumeðferð til að bæta geðræna líðan*. Óbirt meistarafrithgerð, Háskóli Íslands. Félagsráðgjöf.
- Sigurlína Hilmarsdóttir. (2002). *Hugrof*. Óbirt meistarafrithgerð, Háskóli Íslands. Læknadeild.
- Taylor, S. J & Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource*. New York: John Wiley & Sons.

- Yapko, M. D. (1993). Hypnosis and depression. Í J. W. Rhue, S. J. Lynn & I. Kirsch. *Handbook of clinical hypnosis* (bls. 339-355). Washington. American Psychological Association.
- Yapko, M. D. (2001). *Treating depression with hypnosis integrating cognitive – behavioral and strategic approaches*. Philadelphia: Brunner-Routledge.
- Wampold, B. E. (2001). *The Great Psychotherapy Debate. Models, Methods, and Findings*. U. S. A: Lawrence Erlbaum Associates.
- Warren, M. P. (2005). Dr. Warren's mission: Warren Trauma Institute. Sótt 10. desember 2005 af Sótt 10. desember 2005 af <http://drmurielprincewarren.com/drwarrenmission>
- Waterfield, R. (2003). *Hidden Depths. The Story of Hypnosis*. New York: Brunner-Routledge.



Þátttaka barna í fjölskyldusamráði

Hvernig upplifa börn þátttöku sína þegar vinnuaðferðum fjölskyldusamráðs er beitt?

Hervör Alma Árnadóttir

Félagsráðgjafi, MSW Forstöðumaður Unglingasmiðjunnar Stígs

Árið 2003 var ákveðið að innleiða vinnuaðferðir fjölskyldusamráðs hjá Barnavernd Reykjavíkur. Samhliða innleiðingunni var tekin ákvörðun um þátttöku í samnorrænni rannsókn á sjónarhorni barna á aðferðir fjölskyldusamráðs. Skoðuð var upplifun þriggja barna sem tekið höfðu þátt í fjölskyldusamráði hjá Barnavernd Reykjavíkur. Notaðar voru eigindlegar rannsóknaraðferðir; djúpvíðtöl og þátttökuathugun. Niðurstöður gefa vísbendingu um að börn sem taka þátt í fjölskyldusamráði taki ekki virkan þátt í undirbúningi fjölskyldusamráðsfundarins eins og gert er ráð fyrir þegar aðferðinni er beitt. Þau eru ekki upplýst um það ferli sem framundan er eða hvert þeirra hlutverk er í því ferli. Þrátt fyrir þetta var upplifun barnanna jákvæð af fjölskyldusamráðsfundunum og eftir fundinn hafa þau von um að hann geti leitt til breytinga í lífi þeirra. Rannsakandi varpar fram þeirri spurningu í lokin hvort börn séu búin undir það að bera þá ábyrgð sem felst í því að vera virkur þátttakandi í ákvörðunum sem geta haft áhrif á líf þeirra?

Í greininni verða kynntar niðurstöður eigindlegar rannsóknar á því hvernig börn upplifa fjölskyldusamráð sem er vinnuaðferð byggð á virkri þátttöku notenda.

Fjölskyldusamráð

Starfskenningar um fjölskyldusamráð (*Family group conference*) byggja á þeirri trú að flestar fjölskyldur búi yfir styrk til þess að hjálpa sér sjálfar. Einnig þegar erfið mál, eins og barnaverndarmál, koma upp fá þær viðeigandi aðstoð (Lupton og Nixon, 1999). Ákvarðanatöku í barnaverndarmálum hefur færst frá fjölskyldum til stofnana og fagfólks. Með fjölskyldusamráðaáferðum er verið að færa ákvarðanatöku og það vald sem henni fylgir til fjölskyldna. Rökin fyrir því að færa völd og ákvarðanatöku til fjölskyldna eru þau að það séu ættingjar barnanna sem bera mesta umhyggju fyrir þeim og leggja sig fram við að vernda börnin. Einnig séu það ættingjar barnanna sem skilja best samskiptamynstrið innan fjölskyldunnar (Lupton og Nixon, 1999;

Schaffer, 1997).

Fjölskyldusamráð á rætur sínar að rekja til menningar Maoría sem eru frumbyggjar Nýja-Sjálánda. Talið er að meðal annars vegna fordóma gagnvart Maóríum og hefðum þeirra, hafi opinberir aðilar tekið óvenju hátt hlutfall barna Maoría frá fjölskyldum sínum og sett á stofnanir eða í fóstur þar sem tengsla við menningu þeirra og hefðir var ekki gætt. Maoríar voru ósáttir við að börnin væru slitin úr umhverfi sínu á þennan hátt og þróuðu því aðferð til að bregðast við þessu, aðferð sem byggir á því nýta styrk stórfjölskyldna og þess samfélags sem barnið býr í. Þannig er samfélaginu fyrst gefið tækifæri til að bera umhyggju og ábyrgð á þegnum sínum með aðstoð fagaðila (Heino, 2001; Lupton og Nixon, 1999; Schaffer, 1997).

Fjölskyldusamráð hefur fyrst og fremst verið notað í barnaverndarvinnu þó verið sé að þróa ýmsar útgáfur af því í vinnu með öldruðu fólki og fötluðum. Valdefling (empowerment) er höfð að leiðarljósi þar sem

verið er að færa völd eða ákvörðunarvald frá fagfólki til fjölskyldna. Þar með er stefnt að því að styrkja bönd fjölskyldunnar og sam hjálp á milli fjölskyldumeðlima, annars vegar, og síðan fagfólks og fjölskyldu, hins vegar. Forsenda vinnunnar þarf að vera trú á getu og hæfni fjölskyldna til þess að leysa sjálfar úr vanda sínum í eigin umhverfi með stuðningi fagfólks. Fjölskyldusamráð leiðir ekki einungis til valdeflingar einstakra fjölskyldumeðlima heldur einnig til annarra sem taka þátt í fjölskyldusamráðinu (Hansen o.fl. 2003; Heino, 2001, 2004; Lupton og Nixon, 1999). Stuðningur á ekki einungis að vera innan fjölskyldunnar, heldur þurfa fjölskyldur að skynja sig sem hluta af samfélagi; hluta af stærri heild. Til þess að valdeflingin gangi upp þurfa þjónustuaðilar að taka tillit til skjólstaðinga sinna og hafa þarfir þeirra ríkjandi í markmiðum þjónustunnar (Wise, 2005).

Unnið er eftir ákveðnu ferli sem felur það í sér að fjölskyldum er boðið upp á fjölskyldufund í þeim tilgangi að finna lausn á þeim vanda sem upp hefur komið. Þegar fjölskylda og félagsráðgjafi telja þörf fyrir fjölskyldufund er boðaður svokallaður samráðsaðili sem hefur það starf að kynna fjölskyldusamráð fyrir fjölskyldunni. Ef ákveðið er að halda slíkan fund er það samráðsaðilinn sem skipuleggur fundinn og undirbýr þá sem á fundinn eiga að koma. Samráðsaðili er óháður og starfar ekki á þeirri stofnun sem mál fjölskyldunnar er unnið á. Samráðsaðili fer yfir það með fjölskyldunni hverja hún vill hafa með á fundinum, hvaða fjölskyldumeðlimi, stuðningsaðila fjölskyldunnar og þá fagaðila sem að málefnum fjölskyldunnar koma. Ákveðinn er fundarstaður og tími sem hentar öllum. Mikilvægt er að fjölskyldan taki þátt í að velja stað fyrir fundinn, stað sem er notalegur og þægilegur fyrir fjölskylduna, til dæmis safnaðarheimili. Mikil vinna fer í undirbúning fundarins og að skilgreina viðfangsefni fundarins. Samráðsaðili ræðir við alla þá sem á fundinn eru boðaðir og gerir þeim grein fyrir því út á hvað fundurinn gengur og reynir að leysa úr ágreiningi sé

hann til staðar. Eins og áður hefur verið sagt er fjölskyldusamráðsaðferðin leið til þess að gefa fjölskyldum tækifæri til þess að leysa úr vanda sínum í sameiningu og búa til áætlun þar að lútandi með hag barna að leiðarljósi (Hansen o.fl. 2003; Heino, 2001, 2004; Lupton og Nixon, 1999).

Fjölskyldusamráðsfundinum er skipt í þrjá hluta; veittar upplýsingar, einkatíma fjölskyldunnar og svo áætlun og samþykki. Á fyrsta hluta fundarins mæta allir, fjölskylda og fagaðilar. Félagsráðgjafinn byrjar á því að kynna málið og þann vanda sem leysa þarf úr. Einnig lætur hann vita ef einhver ákveðin skilyrði eru sem verða að vera inni í áætluninni. Síðan gefa aðrir fagaðilar stutta skýrslu um aðkomu þeirra að viðkomandi máli og að því loknu er fjölskyldunni gefið tækifæri til að spyrja nánar út í þær skýrslur. Að lokinni yfirferð spurningalista yfirgefa fagaðilar staðinn (Hansen o.fl., 2003; Heino, 2004; Lupton og Nixon, 1999).

Í öðrum hluta fundarins yfirgefa fagaðilar fundinn og fjölskyldan situr eftir. Nú hefur fjölskyldan yfir að ráða þeim upplýsingum sem hún þarf til þess að svara spurningum sem fyrir fundinn voru lagðar. Markmið hennar er nú að reyna að nýta eigin styrkleika og sköpun til þess að búa til áætlun til að bæta líf fjölskyldunnar og tryggja öryggi barnsins sem um ræðir (Hansen o.fl. 2003; Heino, 2001, 2004; Lupton og Nixon, 1999).

Á þriðja hluta fundarins er félagsráðgjafinn kallaður inn og samráðsaðilinn. Samráðsaðilinn aðstoðar fjölskylduna við að forma og setja í orð þá áætlun sem búin hefur verið til og hún er svo kynnt félagsráðgjafanum. Félagsráðgjafinn sker úr um það hvort áætlunin er ásættanleg og tryggi öryggi barnsins. Félagsráðgjafinn spyr fjölskylduna út í áætlunina og reynir að glöggva sig á því á hvern hátt fjölskyldan ætlar að tryggja viðunandi aðstaður barns eða að fyrirbyggja áhættu hegðun þess. Ef áætlunin er samþykkt er ákveðinn eftirfylgdarfundur eftir fjórar til sex vikur. Ef áætlunin er ekki ásættanleg þarf annaðhvort að reyna betur eða leita annarra leiða (Hansen, Hansen og

Rasmussen, 2003; Heino, 2004; Heino, 2001; Lupton og Nixon, 1999).

Fjölskyldusamráð krefst mikillar faglegrar færni félagsráðgjafa og hefur það verið gagnrýnt að aðferðinni hafi stundum ekki verið beitt á réttan hátt og sú valdefling sem nauðsynleg er til þess að aðferðin skili því sem áætlað er hafi ekki verið unnin sem skyldi. Einnig eru ákveðnar vísbendingar um að fjölskyldur hafi ekki verið nógu vel undirbúnar undir fundina, en sá undirbúningur skiptir miklu máli þegar aðferðinni er beitt. Langar og flóknar skýrslur fagfólks hafa líka verið gagnrýndar svo og tregða fagfólks til að ræða og útskýra skýrslurnar á fundunum (Lupton og Nixon, 1999).

Rannsóknin var unnin frá árinu 2005-2007. Athyglinni var beint að því hvernig þátttakendur voru undirbúnir fyrir fjölskyldusamráðsfund, hvernig þeir upplifðu aðstæður sínar fyrir fundinn, á fundinum sjálfum og eftir fjölskyldusamráðsfundinn og svo sýn þeirra á aðferðina sem slíka.

Tilgangurinn rannsóknarinnar var að varpa ljósi á það ferli sem börn ganga í gegnum þegar þau taka þátt í fjölskyldusamráði og þátttöku þeirra í ferlinu. Í því skyni var spurt þriggja spurninga:

1. Hvernig lýsa börnin aðstæðum sínum:
 - a) Fyrir fjölskyldusamráðsferlið?
 - b) Á meðan á ferlinu stendur?
 - c) Eftir fjölskyldusamráðsferlið?
 Hverskonar breytingar eru sjáanlegar?
2. Hvernig upplifa börnin fjölskyldusamráð sem aðferð?
3. Hvernig upplifa börnin að fjölskyldusamráð virki?

Aðferð

Markmið rannsóknarinnar var að skoða fjölskyldusamráð út frá sjónarmiði barna með því að rannsaka reynslu þeirra af fjölskyldusamráði. Rannsóknin fór fram á öllum Norðurlöndunum í samvinnu við stofnanir sem framkvæma rannsóknir og sveitarfélög sem nota fjölskyldusamráðsaðferðina.

Framkvæmd

Í rannsókninni á Íslandi voru tekin fjögur viðtöl við þrjú börn. Fyrsta viðtalið var tekið viku fyrir fjölskyldusamráðsfundinn, annað viðtalið var tekið um mánuði eftir fundinn, þriðja viðtalið um það bil mánuði eftir eftirfylgdarfundinn og svo það fjórða og síðasta ári eftir fjölskyldusamráðsfundinn. Í fyrsta viðtalinu var barnið beðið að lýsa aðstæðum sínum, óskum sínum um framtíðina og væntingum til fjölskyldusamráðsfundarins. Í öðru viðtalinu var barnið spurt hvernig það upplifði fjölskyldusamráðsfundinn. Í þriðja viðtalinu var barnið spurt hvernig það upplifði eftirfylgdarfundinn og hvort breytingar hafi átt sér stað eftir fjölskyldusamráðsfundinn. Í fjórða og síðasta viðtalinu er barnið spurt um breytingar í lífi þess sem hafa orðið á því eina ári sem liðið er frá fjölskyldusamráðsfundinum í samhengi við niðurstöður fyrsta viðtalsins þar sem barnið lýsti áhyggjum sínum og óskaframtíð. Einnig var gerð þátttökurannsókn á fjölskyldusamráðsfundunum og skráði þá rannsakandi niður yrt og óyrt boð sem fram komu. Til að fá sem besta innsýn var einnig stuðst við gögn sem urðu til í ferlinu eins og fjölskyldusamráðssamningurinn, spurningar sem lagðar voru fram á fjölskyldusamráðsfundinum honum til grundvallar, skriflegar upplýsingar fagfólks sem mætti á fundina og áætlanin sem unnin var af viðkomandi fjölskyldu á fundunum.

Börnin og forsjáraðilar skrifuðu upp á samþykki um þátttöku í rannsókninni og þar með talið leyfi fyrir rannsakanda að sitja fjölskyldusamráðsfundi. Einnig var fengið leyfi Persónuverndar fyrir rannsókninni. Viðmælendum var gert ljóst að fyllsta trúnaðar yrði gætt, viðtölum og öðrum gögnum yrði eytt og búið svo um að ekki væri hægt að rekja svör til þeirra.

Þátttakendur

Viðmælendur voru þrjú börn sem öll voru á fjórtánda aldursári. Aðstæður þeirra heima fyrir voru ólíkar. Eitt barnanna bjó hjá fósturfóreltri og átti ekki systkini, eitt þeirra bjó hjá móður

og stjúpa ásamt þremur hálf systkinum og eitt barnanna bjó hjá kynforeldrum ásamt einum bróður. Það barn var nýkomið heim úr vistun sem staðið hafði í sex mánuði. Tengsl við stórfjölskyldu voru að misjöfnum toga. Tvær fjölskyldnanna virtust ekki eiga í erfiðleikum með það að óska eftir stuðningi frá stórfjölskyldu og biðja um þátttöku á fjölskyldusamráðsfundinn en ein fjölskyldan gat ekki fengið neinn úr stórfjölskyldunni til að koma og veita þeim stuðning og leitaði þess í stað til vina og nágranna.

Mál þeirra allra höfðu verið unnin hjá Barnavernd Reykjavíkur lengur en þrjú ár. Tengsl rannsakanda við þátttakendur voru engin. Rannsakandi hafði ekki unnið með þeim fjölskyldum sem tóku þátt í rannsókninni og hafði engin tengsl haft við nokkra þeirra áður.

Eigindleg rannsóknaraðferð

Með eigindlegum rannsóknaraðferðum er verið að leitast við að öðlast heilstæða mynd af lífi og aðstæðum fólks og afla þekkingar á því hvaða skilning og merkingu það leggur í líf sitt og athafnir. Vegna eðli rannsóknarefnisins var eigindlegum rannsóknaraðferðum beitt sem þóttu best til þess fallnar að komast eins nálægt því og unnt var að varpa ljósi á sjónarhorn barna á veruleika sinn og skýra hvaða merkingu börn leggja í líf sitt og aðstæður. Rannsóknin byggði á reynslu einstaklinga þar sem lífsreynsla barna sem tóku þátt í fjölskyldusamráði var fönguð (Bogdan og Biklen, 2003; Neuman, 2003).

Úrvinnsla gagna

Gögnin voru greind til þess að öðlast betri skilning á því hvernig viðmælendur upplifðu þátttöku sína og skilgreina það ferli sem þeir fylgdu allt frá því að ákveðið var að halda fjölskyldusamráðsfund fram að eftirfylgdarfundum. Notaður var samanburður á milli óska barnanna í fyrsta viðtali og upplifunar þeirra eftir fjölskyldusamráðið. Við greiningu voru viðtölin ítrekað lesin yfir með það að markmiði að finna þemu og einhvers konar vegslóða í gegnum viðtölin eins og hefð er fyrir (Bogdan og Biklen, 2003; Neuman,

2003). Viðtölin voru lesin yfir með börnunum eftir afritun til þess að fá staðfestingu á túlkuninni. Börnin höfðu ekki athugasemdir við túlkun rannsakanda og leiddi yfirlesturinn því ekki til breytinga.

Niðurstöður og umræður

Greinilegt var að margt jákvætt hafði leitt af þátttöku barnanna í ferlinu, en jafnframt komu fram vísbendingar um að enn sé framkvæmd fjölskyldusamráðs lítt þróuð hér á landi, að svo miklu leyti sem hægt er að yfirfæra niðurstöður þessarar rannsóknar yfir á stöðuna í heild. Huga þarf sérlega vel að undirbúningi fundarins og eftirfylgd en þar virtust talsverðir hnökrar. Fjölskyldusamráð er ný aðferð í okkar samfélagi og því er þörf fyrir góða kennslu og ráðgjöf til fagfólks.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar er að minnsta kosti hægt að fullyrða að upplifun þeirra þriggja barna sem tóku þátt tengist frekar tilraun til að beita fjölskyldusamráði en geti ekki gefið raunhæfa mynd af því hvernig aðferðin reyndist ef henni væri beitt samkvæmt bestu hugmyndum um framkvæmd hennar.

Mikil þekking hefur orðið til við það að rannsaka mannlega hegðun og meðferðarkenningar hafa verið þróaðar út frá þeim rannsóknum. Samtímakeningar, líkt og kenningar sem byggja á valdeflingu svo sem frásagnaraðferð og lausnarmiðuð aðferð, segja að hver einstaklingur í samfélaginu sé einstakur og því þurfi hver og einn að fá að túlka sína upplifun þegar málefni sem hann varðar er metið (Freeman, Epston og Lobovits, 1997). Æska landsins skipar mikilvægan sess í samfélaginu og því ætti að vera eðlilegt og sjálfsagt að heyra hennar sjónarmið og taka tillit til þeirra þarfa jafnt sem annarra. Það var aðdáunarvert hvað börnin sem tóku þátt í rannsókninni voru tilbúin til þess að leggja sitt af mörkum til þess að gefa sem besta mynd af því ferli sem þau voru að upplifa.

Það virtist vera talsverður þroskamunur á börnunum þótt þau væru jafnaldrar í árum talið. Það má segja að tvö barnanna virtust vera á stigi óhlutbundinna hugsana, líkt og

Piaget skilgreindi þroska, en eitt þeirra virtist ekki búíð að ná því stigi og átti því erfitt með að ímynda sér sig í framtíðinni, setja sig í spor annarra og sjá veruleikann út frá öðru sjónarhorni en sínu eigin. Það má velta því fyrir sér hvort umhverfið hafi haft áhrif á þroska og uppeldisaðstæður barnsins, líkt og Kohlberg heldur fram í sínum kenningum um siðferðisþroska barna. Því er hugsanlegt að þetta barn, sem virtist ekki hafa alist upp við þær félagslegu aðstæður sem æskilegar eru börnum, hafi af þeim sökum ekki náð því þroskastigi sem er undirstaða þess að geta nýtt ímyndunarafli sitt á þennan hátt (Eysenck, 2004).

Undirbúningur barnanna fyrir fjölskyldusamráðsfundinn

Börnin virtust öll vita fremur lítið um fjölskyldusamráð í fyrsta viðtali þó aðeins væri ein vika í það að fundurinn yrði haldinn. Þau vissu lítið sem ekkert um aðferðina eða við hverju þau mættu búast. Ekkert þeirra hafði verið kallað einslega til félagsráðgjafa til þess að ræða um aðstæður þeirra og til þess að fá útskýringar á því ferli sem var að fara af stað. Þau höfðu öll hitt félagsráðgjafa en ávallt í fylgd með forsjáraðila. Félagsráðgjafar höfðu ekki gefið undirbúningsvinnunni með barninu tíma og virtist það leiða til gagnkvæms vantrausts og virðingarleysis. Samvinna, barns og félagsráðgjafa, með það að markmiði að byggja upp innri hvatningu (motivation) og jákvæðni til þátttöku var ábótavant. Þessar niðurstöður eru ekki frábrugðnar niðurstöðum fyrri rannsókna um það hvernig börn upplifa sig upplýst og samband þeirra við fagaðila sem oft virðist einkennast af vantrausti (Guðrún Kristinsdóttir, 1996; Sigrún Júlíusdóttir, 2002). Spurningar vakna um það hvort félagsráðgjafarnir hafi kynnt sér hvort börnin hefðu forsendur til að taka þátt í fjölskyldusamráði ef þeir höfðu ekki tengst börnunum fyrir ákvörðunina um að beita aðferðinni (Lupton og Nixon, 1999).

Börnin áttu sína óskaframtíð sem var frábrugðin þeirra stöðu í dag en þó ekki afgerandi. Þau óskuðu þess að samskiptin á

heimili þeirra yrðu betri, þau yrðu betri vinir foreldra sinna og gætu leitað til þeirra með viðfangsefni sín. Einnig langaði þau til þess að standa sig betur í skóla og voru meðvituð um mikilvægi þess þó svo þau upplifðu skólakerfið stundum ósanngjarnt. Þegar væntingar þeirra voru bornar saman við viðfangsefni fjölskyldusamráðsfundarins var samhljómur á milli þeirra. Spurningarnar snérist mikið um það hvernig mætti bæta samskipti á heimili og stöðu í skóla. Þetta samræmist öðrum rannsóknum sem gerðar hafa verið á börnum eða því að þau hafa skoðun á lífi sínu og hugmyndir um það hvernig þau vilji hafa framtíð sína (Jóhanna Einarsdóttir, 2003).

Börnin sögðust öll vita af hverju mál þeirra væri á borðum Barnaverndar Reykjavíkur þó þau væru ekki öll sáttt við ástæður þess. Eitt barnanna var ósátt við heimilislífið og tilkynnti sjálft mál sitt til Barnaverndar Reykjavíkur en í tilfellum hinna tveggja voru það aðrir sem tilkynntu málið. Samkvæmt þeim gögnum sem rannsakandi hafði voru ástæður þess að málefni fjölskyldunnar voru hjá Barnavernd Reykjavíkur ekki skráðar þær sömu og börnin sögðu. Hvert barnanna var því sérfræðingur í sínum málum og hafði skoðun á því hvað það vildi og teldi að væri sér fyrir bestu og hefði því þátttaka þeirra átt að vera lykilatriði í því að efla fjölskylduna og bæta aðstæður barnanna (Cederborg, 2000; Jóhanna Einarsdóttir, 2005).

Undirbúningur barnanna fyrir fjölskyldusamráðsfundina var breytilegur en þó voru ákveðnir þættir sem voru sameiginlegir. Börnin höfðu öll farið í viðtal til félagsráðgjafa með foreldrum sínum og fjölskyldan samþykkt að taka þátt í fjölskyldusamráði. Að sögn barnanna var misjafnt hversu vel félagsráðgjafarnir þekktu til fjölskyldusamráðs og þá hversu vel þeir gátu upplýst fjölskylduna um það ferli sem fyrir höndum var. Þetta má segja að sé alvarleg athugasemd þar sem þekking félagsráðgjafanna á aðferðinni þarf að vera góð til þess að geta kynnt fjölskyldum aðferðina á réttum forsendum og einnig til að geta greint það hvort viðkomandi fjölskylda er fær um

að nýta sér aðferðina (Lee, 1996; Lupton og Nixon, 1999).

Upplýsingarnar um fjölskyldusamráðs-aðferðina höfðu aðallega komið frá samráðsaðilunum. Börnin höfðu hins vegar yfirleitt ekki tekið þátt í því að móta og forma þær spurningar sem þurfti að svara á fjölskyldusamráðsfundinum og sögðu forsjáradila hafa gert það ásamt félagsráðgjafa fjölskyldunnar. En þau voru yfirleitt sátt við þær spurningar sem lagðar voru fram og fannst það vera þetta sem fjölskyldan þurfti að taka á. Börnin höfðu heldur ekki tekið þátt í að velja fjölskyldumeðlimi inn á fundinn og sögðu það hafa verið forsjáradila sem gerðu það. Þau voru samt sem áður sátt við þá aðila sem var boðin þátttaka. Hið sama má segja um það þegar kom að því að velja talsmann barnanna en það virtist hafa verið í höndum forsjáradila í öllum tilfellum og börnin ekki komið að því vali. Þarna virðist hafa verið gengið á rétt barnanna og ekki tekið tillit til þeirra þarfa eða óska. Líkt og í grein Guðrúnar Kristinsdóttur (1996) upplifðu börnin ekki að hlustað væri á þau af fagaðilum og að þau væru ekki virkir aðilar að máli sínu og fjölskyldunnar.

Börnin töldu sig eiga að sitja allan fundinn. Þau töldu sig ekki hafa haft val um það að vera ekki á fundinum eða aðeins að sitja hluta hans. Í undirbúningsferlinu virtist vanta talsvert upp á samræðu á milli félagsráðgjafans og barnsins. Það hefði mátt nota frásagnaraðferð til þess að fá sýn barnsins á veruleikann sem það lifði í til þess að spurningarnar væru frekar þeirra og einnig hvernig barnið túlkaði aðstæður sínar og þá í samhengi við það hverjum af fjölskyldumeðlimum ætti að bjóða þátttöku á fundinum (White & Epston, 1990).

Það virtist ekki vera mikil umræða um það hvað stæði til á heimilum barnanna þannig að svo virðist sem fjölskyldur þeirra hafi lítið hugsað um það sem framundan var. Tvö barnanna höfðu ekki upplifað breytingar frá því að fundurinn hafði verið ákveðinn en eitt þeirra sagðist finna fyrir árangri og fannst fjölskyldan vera lögð af stað í ferðalag í átt til betra lífs.

Börnin voru tiltölulega sátt við aðstæður sínar strax í upphafi ferilsins, margt hafði verið gert sem þau töldu að hefði bætt þeirra líf. Þó að undirbúningsferli fjölskyldusamráðs hafi ekki verið hnökralaust virðist sú athygli sem mál barnanna fengu í tengslum við fjölskyldusamráðið hafa haft jákvæð áhrif. Þótt börnin væru ekki spennt fyrir fundinum sjálfum mátti greina ákveðnar væntingar um að fjölskyldusamráðsfundirnir myndu skila þeim betra lífi sem fólst fyrst og fremst í von um betra samkomulag á heimili og betra gengi í námi. Ólíkt því sem kemur fram í rannsókn Arnars Þorsteinssonar (2003) þar sem börn höfðu ekki trú á að aðstæður þeirra gætu breyst höfðu þau börn sem tóku þátt í fjölskyldusamráði von um breytingar í lífi sínu.

Fjölskyldusamráðsfundurinn

Börnin sögðust ekki vera vön því að vera spurð álits og sögðu að yfirleitt væri ekki hlustað á þau og voru þau fremur vonlítill um að það sem þau legðu til hefði einhverja vikt í umræðunni. Þau sögðu að yfirleitt væri talað fyrir þau og hlutirnir ákveðnir af fullorðnum þó svo þau ættu að framkvæma þá. Börnin höfðu trú á að aðstæður þeirra myndu breytast en þau höfðu ekki trú á því að þau hefðu eitthvað um það að segja eða myndu hafa áhrif á það hvaða leið yrði valin.

Börnin lýstu ekki mikilli þátttöku í undirbúningi fjölskyldusamráðsfundarins en þátttaka þeirra var merkjanlega meiri á fjölskyldufundinum sjálfum. Þó má segja að staða þeirra á fundinum hafi borið keim af því hvað þau voru lítið inn í undirbúningnum og vissu lítið um hvert þeirra hlutverk var. Líkt og kom fram í niðurstöðum talaði samráðsaðilinn, sem sá um ytri umgjörð fundarins og sá einnig um að boða þá sem áttu að vera á fundinum, beint til barnanna. Telur rannsakandi það hafa skipt miklu máli fyrir stöðu barnsins inni á fundinum. Það fór ekki á milli mála, af hálfu samráðsaðila, að það var barnið sem átti að vera miðpunktur fundarins.

Börnin tóku lítinn sem engan þátt í fyrsta hluta fundarins og það var áberandi að fagfólkið

talaði ekki beint til þeirra heldur talaði um börnin í þeirra návist. Staða þeirra virtist veik í byrjun þar sem þau höfðu öll verið fremur illa upplýst fyrir fundinn og einnig vegna þess að ekki var talað til þeirra heldur hinna fullorðnu í byrjun fundarins. Því má segja að fagaðilar hafi ekki tekið börnin sem virka þátttakendur líkt og fullorðna fólkið og ekki var hægt að merkja það að þau væru studd til þess að hafa áhrif á eigið líf og umhverfi. Börnin spurðu ekki þegar kom að því að fjölskyldan mátti spyrja fagmennina áður en þeir yfirgáfu fundinn og voru þau ekki hvött til þátttöku (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 1989; Jóhanna Einarsdóttir, 2005). Börnin virtust fara í gegnum margskonar tilfinningar á fundunum eins og tilhlökkun, pirring og reiði. Mikil reiði kom fram hjá einu barninu út í fagaðila. Barnið upplifði mikil svik þegar fagaðili gaf upplýsingar sem það sagði hann hafa lofað að segja engum. Upplýsingar sem þessar eru vandmeðfarnar og hlýtur alltaf að vera mikilvægt að bregðast ekki trausti sem hefur skapast á milli fagaðila og fjölskyldu. Fram hefur komið í rannsóknum að börn beri ekki mikið traust til fagaðila og telji félagsráðgjafa ekki halda þann trúnað sem þeir hafa heitið (Guðrún Kristinsdóttir, 2005). Það hlýtur að vera miður ef ekki næst að byggja upp traust á milli barna og fagaðila en það er mikilvæg forsenda vinnu með skjólstaðingum.

Öll börnin voru sammála um að fundurinn hefði verið of langur. Þau hefðu verið orðin of þreytt til að fylgjast með. En þrátt fyrir það voru tvö börnin sátt við fundinn og töldu hann hafa gert gagn og vera liður í því að breyta framtíð þeirra þó svo að misvel hefði gengið að fara eftir áætlan þeirri sem fjölskyldan gerði.

Breytingar eftir fjölskyldusamráðsfundinn

Fjölskyldusamráðsfundurinn hafði haft áhrif á börnin þó svo að áætlunin sem gerð hafði verið væri ekki komin nema að litlu leyti í gagnið. Hlutir sem þau nefndu í því sambandi var til dæmis að traustið væri meira innan fjölskyldunnar. Það var eins og fundurinn hefði kveikt von hjá þeim og þau langaði til að

breyta eins og eitt þeirra sagði „... *hann hafði allavega áhrif á mig, mig langar að breyta og ég veit að mömmu langar til þess líka ...*“. Þetta var greinilegt á því sem börnin sögðu að fundurinn hafði hreyft við þeim og hrundið af stað vangaveltum um það hvað eða hvort þau vildu breyta einhverju í sínu lífi.

Börnin áttu yfirleitt erfitt með að nefna einhverjar ákveðnar breytingar sem hefðu orðið í kjölfar fundanna þó þau teldu fundina hafa haft jákvæð áhrif. Eitt barnanna tók svo til orða þegar það ræddi um breytingarnar: „Mér fannst þetta sko fínt eftir fundinn...mér fannst margt betra en samt líka margt alveg eins“.

Ekki var hægt að greina að breytingar yrðu á væntingum eða áherslum á því hverju væri mikilvægt að breyta í gegnum ferlið eða á milli viðtalanna það rúma ár sem rannsóknin stóð yfir. Í fjórða viðtalinu voru sömu eða svipaðar áherslur og áður um það hvað væri mikilvægt til að breyta lífi þeirra og forgangsroðun þeirra hafði líka lítið sem ekkert breyst.

Eftir fundinn virtust börnin ekki hafa verið í sambandi við félagsráðgjafa frá fjölskyldusamráðsfundinum þannig að ekki var unnið með samræðuna sem skapast hafði í framhaldi af fundinum. Börnin voru heldur ekki studd í því að öðlast breytta lífssýn út frá nýrri þekkingu og reynslu sem þau höfðu fengið. Sá meðbyr virtist ekki nýttur sem skapaðist á fjölskyldusamráðsfundinum og hefði getað leitt börnin nær sinni óskaframtíð (Ritzer og Goodman, 2004). Það ferli, sem þessi þrjú börn sem tekin voru fyrir í rannsókninni, fóru í gegnum og byggði á hugmyndum um fjölskyldusamráð, var samkvæmt niðurstöðum hennar ekki nógu vel skipulagt. Framkvæmd fjölskyldusamráðsins var því miður of langt frá æskilegri framkvæmd til þess að gefa raunhæfa mynd af því hvernig hægt væri að nýta þessa aðferðafræði hér á landi. Svo virðist sem sú gagnrýni sem aðferðin hefur fengið eigi við í þessu tilfelli eða að fagaðilar hafi ekki beitt aðferðinni á réttan hátt og sú valdefling, sem nauðsynleg er til þess að aðferðin skili tilskildum árangri, hafi ekki verið unnin sem skyldi (Lupton og Nixon, 1999). Til þess

að koma af stað jákvæðu ferli hjá börnum sem taka þátt í fjölskyldusamráði þarf að undirbúa þau og fjölskyldur þeirra miklu betur undir það sem í vendum er. Það þarf að gefa börnunum tækifæri til þess að tjá sig í einrúmi við félagsráðgjafa og láta þau taka virkan þátt í gerð spurninganna sem lagðar eru fyrir fundinn auk þess sem nauðsynlegt er að börnin taki þátt í velja sér talsmann. Á fundunum þarf að tala við börnin en ekki tala um þau og gera þau þar með að þátttakendum fremur en hlustendum eða einstaklingum sem sitja fyrir svörum. Eftir fjölskyldufundurinn er svo brýnt að fylgja málum vel eftir til þess að nota þann jákvæða byr sem getur myndast á fjölskylduráðsfundunum barninu til hagsbóta. Þótt margt virðist hafa mistekist í ferlinu þá sýna niðurstöður rannsóknarinnar hins vegar að tvö barnanna höfðu jákvæða afstöðu til þess og samkvæmt greiningu rannsakanda ræðst það öðru fremur af þeirri athygli sem mál þeirra fengu í kerfinu fremur en að sú aðferð sem beitt var hafi verið vænleg til árangurs.

Eftirfylgdarfundurinn

Börnin virtust upplifa eftirfylgdarfundinn á neikvæðari hátt en fjölskyldusamráðsfundinn. Þau virtust hafa orðið fyrir vonbrigðum með það ferli sem fór af stað eftir fyrri fundinn. Þeim fannst ekki mikið hafa gerst og áætlunin ekki sýnileg á heimilunum. Þó kom í ljós að ýmsu hafði verið hrundið í framkvæmd þegar farið var yfir áætlunina með þeim. Samband við félagsráðgjafann var lítið sem ekkert hjá þeim öllum og þau litu á hann frekar sem andstæðing en samherja. Áætluninni hafði í öllum tilfellum verið breytt en að mismiklu leyti eða allt frá lítilsháttar áherslubreytingu í hér um bil nýja áætlun. Það voru vonbrigði hversu lítinn þátt börnin tóku í endurgerð áætlunarinnar og hversu vonlaust þau upplifðu það að fá að taka þátt og leggja eitthvað til málanna um eigið líf.

Sýn barnanna á fjölskyldu-samráð ári síðar

Upplifun barnanna af fjölskyldusamráði og

því ferli sem hófst þegar ákvörðun um fundinn var tekin var mismunandi en þau voru öll að einhverju leyti sammála um að þessi fundur hefði verið betri en margir aðrir sem þau höfðu verið á. Greina mátti ákveðna upplifun hjá þeim öllum en ekki alltaf jákvæða. Mál þeirra allra var enn í einhverskonar vinnslu hjá Barnavernd Reykjavíkur en mismikilli vinnslu. Það stóð til að loka máli eins barnsins á næstu vikum þegar síðasta viðtalið var tekið. Þegar börnin ræddu um viðhorf þeirra til aðferðarinnar kom fram að tveimur fannst fjölskyldusamráðsfundurinn hafa haft jákvæð áhrif á líf þeirra þó ýmislegt mætti betur fara til dæmis varðandi útfærslu aðferðarinnar. Eitt barnið taldi aðferðina ekki hafa breytt neinu fyrir sig eða sína fjölskyldu og taldi fjölskylduna ekki þurfa á aðstoð eða stuðningi að halda frá fagfólki en taldi þó að fjölskyldan ætti í ákveðnum vanda. Aðspurt um aðferðina virtist barnið ekki átta sig á út á hvað aðferðin gekk. Annað barnið var ánægt með að fjölskyldan hafði tekið þátt í þessu og sagði að sín fjölskylda hefði þurft meiri og þéttari stuðning fagmanna og sagði sína fjölskyldu ekki hafa verið tilbúna til lífa án stuðnings og standa á eigin fótum „það þurfti fleiri fundi... allt var gott í mánuð en svo gleymdist allt“.

Eitt barnið var visst um að fjölskyldusamráðið hefði haft mjög góð áhrif á líf fjölskyldunnar og taldi árið hafa verið gott fyrir fjölskylduna „ég myndi segja það nú, við erum nú svona meiri fjölskylda eftir allt“. Barnið var ánægt með að hafa verið á fundunum og sagði: „það er ábyggilega leiðinlegt fyrir allt fullorðna fólkið að koma saman án okkar“. Þó ekki hafi allt gengið eftir sem var sett í áætlunina sagði eitt barnið með bros á vör þegar farið var yfir það hvað hafði gengið eftir í uppsettri áætlun: „nei...ég held að ég verði ekki eins og Jói Fel. Ég held að mamma bara sjái um eldhússtörfin.... ég finn mér bara síðan konu sem sér um þetta...nei er bara að djóka.“

Lokaorð

Það kom rannsakanda á óvart hversu lítið börnin upplifðu sig sem þátttakendur og hversu valdalaus þau voru þegar kom að ákvörðunum

um þeirra líf. Það virðist vera full þörf á því að hamra enn frekar á nauðsyn þess að vinna út frá valdeflingarhugtakinu og þá að líta á börn og unglinga sem einstaklinga sem beri að hlusta á og virða og þá ekki síst þegar aðferðum er beitt sem miða sérstaklega að því að virkja fjölskyldumeðlimi. Í samfélagi þar sem lögð er áhersla á lýðræði þarf lýðræðið að ná til allra þegna, líka barna.

Það er umhugsunarvert hvort unnið sé nógu vel í samfélagi okkar að því að efla sjálfstraust barna og styðja þau í því að tjá sig. Það krefst æfingar að vera þátttakandi og að láta skoðun sína í ljós. Þá þjálfun ættu börn að fá á heimilum sínum og þeim stofnunum sem að uppeldi þeirra koma. Rannsakandi veltir því einnig fyrir sér hvort barnaverndarstarfsmenn séu of störfum hlaðnir til þess að geta gefið sér þann tíma sem þarf til þess að byggja upp það traust sem nauðsynlegt er þegar vinna á með börnum að velferð þeirra og hamingju. Það er ekki ásætlanlegt að börnum skuli ekki vera gefinn meiri gaumur en þessi rannsókn gefur vísbendingar um.

Rannsakandi fagnar þeim rannsóknum sem fjalla um málefni sem varða börn frá sjónarhorni barna og þeirri miklu umræðu sem er í samfélaginu í dag um réttindi barna til virkrar þátttöku. Aðilar sem koma að uppeldi barna þurfa að taka höndum saman og styðja börn til þátttöku og ábyrgðar. Sú umræða á eflaust eftir að skila sér til barna og þá samfélagsins alls á jákvæðan og uppbyggjandi hátt.

Heimildaskrá:

- Arnar Þorsteinsson. (2003). *Ég man þegar ég hætti í skólanum; það var yndislegt!* Óbirt M.A. ritgerð; Háskóli Íslands, félagsvísindadeild.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (1989).
- Bogdan R.C og Biklen S.K. (2003). *Qualitative Research for Education, An Introduction to Theories and Methods.* Boston: Pearson Education Group Inc.
- Cederborg A-C. (2000). *Barn intervjuer, vägledning vid utredningsarbete.* Falköping: Elanders Gummessons.
- Eysenck, M.W. (2004). *Psychology, an international perspective.* New York: Psychology Press.
- Freeman J., Epston D. og Lobovits D. (1997). *Playful approaches to serious problems. Narrative Therapy with Children and Their families.* New York: W.W.Norton & company.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2005). Hvernig var í skólanum. *Glæður. Fagtímarit Félags íslenskra sérkennara.1*, 26-32.
- Guðrún Kristinsdóttir. (1996). Vænleg vinnubrögð-samvinna við mæður og börn. *Barnið og samfélagið, erindi flutt á ráðstefnu félagsmálastjóra 17-18 okt. 1996.* (bls.56-73). Án útgáfustaðar.
- Hansen J., Hansen T.H. og Rasmussen B.M. (2003). *Familieradslagning í Danmark. 2. de. Af evaluering af „Det danske forsøg med familieradslagning“.* UFC Børn og Unge. Hjørdkær Offset- Tryk Aps.
- Heino T. (2004.) *Family Group Conference from a child perspective.* Sótt 2. september 2006 af [Http://www2.stakes.fi/hyvinvointi/NFRS/TARJAplenary.doc](http://www2.stakes.fi/hyvinvointi/NFRS/TARJAplenary.doc).
- Heino T. (2001). *Familjerådslag-den nya metoden inom socialt arbete.* Helsingi: Stakes.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2003). Þegar bjallan hringir þá förum við inn. *Netla. Veftímarit um uppeldi og menntun.* Sótt 11. september 2006 af <http://netla.khi.is/greinar/2003/005/prent/index.htm>.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2005). „Mér finnst það bara svo skemmtilegt“. *Þróunarverkefni í leikskólanum Hofi um þátttöku barna í mati á leikskólastarfi.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

- Lee J. A. B. (1996). The Empowerment approach To Social Work Practice. Í F. Turner (ritstj.), *Social Work Treatment*. (4 útg.), (bls. 218-249). New York: The Free Press.
- Lupton C. og Nixon P. (1999). *Empowering Practice: A critical appraisal of the family group conference approach*. UK: Biblios Publishers Distribution Services Ltd.
- Neuman L. W. (2003). *Social research methods: qualitative and quantitative approaches*. United States of America: Pearson Education, Inc.
- Ritzer G. og Goodman D. J. (2004). *Modern Sociological Theory*. New York: The McGraw-Hill Companies, Inc.
- Schaffer H. R. (1997). *Making Decisions About Children. Psychological Questions and Answers* Oxford: Blackwell Publishers Ltd.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2002). *Ævintýri á fjöllum. Rannsókn á reynslu unglunga af starfi með Hálandishópnum á tímabilinu 1989-2000*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- White M. & Epston D. (1990). *Narrative Means to Therapeutic Ends*. New York: W.W. Norton & Company.
- Wise J. (2005). Empowerment Practice with Families in distress. *Families in Society*, 87, 457-458. Sótt 14. september 2006, af <http://proquest.umi.com/pqdweb?index?=o&did=1127966961&SrchMode=1&sid=1&Fmt=6&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&pvName=PQD&TS=1160306650&clinentId=58032>.



Ný þjónusta fyrir fólk sem greint er með krabbamein og aðstandendur

Gunnjóna Una Guðmundsdóttir
Félagsráðgjafi og verkefnisstjóri
Krabbameinsfélag Íslands

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélags Íslands (KÍ) tók formlega til starfa 15. nóvember 2007 og er ný þjónusta fyrir fólk sem greinist með krabbamein, aðstandendur þeirra og vini.

Tilgangur þjónustunnar er að veita þeim sem til hennar leita upplýsingar, ráðgjöf, viðtöl, andlegan og félagslegan stuðning og hvatningu. Markmið þjónustunnar er að mæta þörfum hvers og eins á hans forsendum.

Starfsemi Ráðgjafarþjónustunnar er margþætt. Hún felur í sér aðgang að föstu starfsfólki sem eru félagsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur. Einnig starfar sálfræðingur og fleiri fagaðilar sem verktakar á vegum þjónustunnar.

Vikulega eru opnir fundir þar sem fjallað er um hagnýtar upplýsingar fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein og er þar fjallað um fjárhagsleg og félagsleg úrræði og endurhæfing eftir greiningu krabbameins kynnt.

Boðið er upp á einstaklingsviðtöl, þátttöku í sálrænni skyndihjálpi, kyrrðarstund og djúpslökun. Í boði eru ýmis námskeið og fyrirlestrar. Má þar nefna hugræna atferlismeðferð (HAM) gegn þunglyndi og kvíða og sjálfsstyrkingar- og ræðunámskeiðið (POWERtalk) þar sem fólk getur eftt samskiptahæfni sína. Haldin hafa verið matreiðslunámskeið, námskeið í listmeðferð og umræðufundur þar sem foreldrar fræða aðra foreldra um hvaða áhrif það getur haft á börn þegar foreldri þess greinist með krabbamein. Einnig hafa verið haldnir fjölmargir fræðslufyrirlestrar um umfang og eðli krabbameina, rannsóknir á krabbameinum og möguleg lækisfræðileg úrræði.

Hópastarf stuðningshópa Krabbameinsfélagsins

Ráðgjafarþjónustan starfar í samvinnu við stuðningshópa og svæðafélög KÍ og svæðaskrifstofur KÍ um land allt. Stuðningshóparnir sinna jafningjafraeðslu og hafa stuðningshópar á höfuðborgarsvæðinu aðsetur í húsnæði Ráðgjafarþjónustunnar og eru með viðveru á föstum tímum að degi til, námskeið og fundi á kvöldin og um helgar. Aðildarfélag KÍ á landsbyggðinni eru 23 og veita starfsmenn Ráðgjafarþjónustunnar fólki á landsbyggðinni þjónustu í gegnum síma og tölvupóst en fara einnig í heimsóknir með kynningar og fyrirlestra. Þjónustan er einnig hugsuð sem upplýsingaþjónusta og athvarf fyrir fólk utan af landi sem dvelur í íbúðum KÍ við Rauðarárstíg á meðan það er í krabbameinsmeðferð á Landspítalanum.

Ráðgjafarþjónusta KÍ er í heimilislegu húsnæði á fyrstu hæð í húsi KÍ að Skógarhlíð 8 og er opin virka daga kl. 09:00-16:00. Allir eru velkomnir og geta gestir nýtt sér aðgang að sérhæfðu bókasafni, tölvu og prentara. Krabbameinsráðgjöf er veitt í gjaldfrjálsum síma 800 4040. Ráðgjafarþjónustan er í samstarfi við Endurhæfingu eftir greiningu krabbameins B-1 Landspítala Fossvogi, Ljósið endurhæfingu og Doktor.is.

Ráðgjafarþjónusta KÍ er tilraunaverkefni til þriggja ára og er þjónustan veitt án endurgjalds. Starfsemi Ráðgjafarþjónustunnar hefur verið vel tekið þann stutta tíma sem hún hefur starfað og hefur aðsókn aukist jafnt og þétt. Nánari upplýsingar um þjónustuna má finna á www.krabbi.is/rad



Geðræktarmiðstöðin Setrið eins árs

Freydís Jóna Freysteinsdóttir félagsráðgjafi
(MSW, PhD) og félagsmálastjóri
og Erla Alferðsdóttir iðjuþjálfari og
forstöðumaður geðræktarmiðstöðvar

Þann 10. október árið 2007 fagnaði Setrið eins árs afmæli sínu en það var formlega opnað við hátíðlega athöfn á alþjóðlega geðheilbrigðisdaginn fyrir ári síðan.

Starfsemin fór vel af stað og hafa notendur jafnt sem samfélagið í heild tekið þessum stað fagnandi. Greinilegt er að mikill áhugi og þörf er fyrir starfsemi sem tengist geðheilsu eða geðrækt á þessu svæði enda langt fyrir Þingeyinga að sækja sér slíka þjónustu.

Setrið er gott dæmi um hverju hægt er að koma í framkvæmd, ef hagsmunaaðilar taka sig saman með ákveðið markmið í huga. En í janúar árið 2005 var stofnaður stuðningshópur fagaðila um geðheilbrigði í Þingeyjarsýslum sem kallaði sig Bakhjarl. Hópurinn samanstóð af fulltrúum frá Fjölskylduþjónustu Þingeyinga, Rauða krossi Íslands og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Einnig var fulltrúi frá Sjálfshjörðu í Bakhjarli ásamt sóknarpresti Húsvíkinga. Megin markmið Bakhjarls var að stuðla að bættri geðheilbrigðisþjónustu í Þingeyjarsýslum og fjölga úrræðum sem hefðu batahvetjandi áhrif á einstaklinga með geðræn vandkvæði. Geðræktarmiðstöð var ein þeirra hugmynda sem komu fram hjá hópnum. Ekki leið langur tími frá því Bakhjarl var myndaður og þar til undirbúningur hófst við opnun geðræktarmiðstöðvar á Húsavík og var geðræktarmiðstöðin Setrið opnuð á haustmánuðum árið 2006. Þess ber að geta að ýmsir aðrir aðilar studdu við verkefnið með vinnuframlagi, gjöfum og styrkjum.

Starfssemi Setursins

Setrið er staður þar sem einstaklingar sem búa eða búið hafa við geðröskun og aðstandendur þeirra, geta komið og unnið að því að byggja upp andlegt, líkamlegt og félagslegt þrek. Setrið er opið daglega alla virka daga frá kl. 12 – 16 og auk þess er opið tvo morgna í viku, en þá sjá notendur alfarið um starfsemina. Áhersla er lögð á valdeflingu notenda, að þeir séu virkir þátttakendur í að móta starfið. Unnið er á jafningjagrunni þar sem allir geta haft áhrif. Jafningjastuðningur er líka mikilvægur þáttur og eru notendur meðvitaðir um gagnsemi hans.

Mikið er lagt er upp úr jákvæðu andrúmslofti og hefur notendum ásamt starfsfólki tekist vel upp við að skapa umhverfi sem er heimilislegt og notalegt. Jafnframt er lagt upp að fólki gefist tækifæri til að taka þátt í skapandi iðju og félagslegum athöfnum. Hvorutveggja hefur áhrif á heilsu fólks og er því afar mikilvægur þáttur í að byggja upp batahvetjandi umhverfi. Reglulega er farið í einhverjar menningar- og skemmtiferðir sem ætíð hafa lukkast ljómandi vel. Útivist, hreyfing og slökun eru einnig lykilþættir í bata geðsjúkra og hefur sitt pláss í starfseminni.

Stór þáttur í því að vinna gegn fordómum og að efla vald geðsjúkra á eigin lífi felst í fræðslu til notenda og samfélagsins. Í Setrinu hefur því verið boðið reglulega upp á fræðslu tengda geðrækt og hefur m.a. verið leitað í þekkingu notenda sjálfra. Einnig er áhersla lögð á að starfsemin sé sýnileg en það hefur verið gert með því að bjóða upp á opið hús

við hátíðleg tækifæri og fara með kynningar á starfseminni til félagasamtaka. Þrír aðilar starfa við Setrið, þar af iðjuþjálfari sem veitir því forstöðu, stuðningsfulltrúi og félagsliði. Jafnframt starfar einn sjálfboðaliði við Setrið. Auk þess hafa notendur sjálfir verið duglegir að leggja Setrinu lið á ýmsan hátt. Frá opnun Setursins hafa um 2500 gestir heimsótt það. Komur notenda eru 1700 fram til þessa sem þýðir að 8 manns hafa að meðaltali sótt Setrið á degi hverjum.

Könnun á upplifun notenda, aðstandenda og fagaðila

Í byrjun var um tilraunaverkefni að ræða. Mikilvægt var því að kanna hvernig til hefði tekist og var Þekkingarsetur Þingeyinga fengið til að vinna þá könnun. Markmiðið var að kanna helstu viðhorf og væntingar þeirra aðila sem tengjast starfseminni, þ.e. þeirra sem nota Setrið, aðstandenda þeirra og fagaðila. Fram kemur í skýrslu Þekkingarsetursins að allir þessir aðilar telja að Setrið hafi jákvæð áhrif á notendur þess og að þátttaka í Setrinu hafi batahvetjandi áhrif á þá sem þangað koma. Allir svarendur í hópunum þremur telja að nauðsynlegt sé að tryggja áframhaldandi rekstur Setursins, enda almenn ánægja með starfsemi þess. Hins vegar ber að geta þess að flestir svarendur telja að Setrið þurfi að komast í stærra og betra húsnæði, enda er Setrið nú staðsett í iðnaðarhúsnæði sem er fremur þröngt og umhverfi húsnæðisins gæti verið meira aðlaðandi. Í ljósi þess hefur Setrið tekið annað stærra húsnæði á leigu og mun flytja starfsemi sína þangað í janúar 2008.

Þingeysku heilbrigðisverðlaunin

Á ársfundi Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga þann 29. nóvember 2007 voru Þingeysku heilbrigðisverðlaunin veitt geðræktarmiðstöðinni Setrinu. Þingeysku heilbrigðisverðlaunin eru veitt fyrir frumkvöðlastarf, uppfinningar eða vel heppnaða útfærslu hugmynda, sem stuðla að heilbrigði og bættri líðan almennt eða ná til tiltekinna hópa einstaklinga eða sjúkdóma á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.

Verðlaunin eru mikil hvatning fyrir þá sem starfa við Setrið, hvort sem um er að ræða starfsfólk eða notendur, til að halda ótraud áfram og gera enn betur í framtíðinni. Markmiðið verður áfram að móta og þróa starfsemina í samstarfi við notendur ásamt því að vera í takt við þær áherslur sem notendur telja að hafi batahvetjandi áhrif.

